Bláskógaskóli Laugarvatni

Starfsáætlun 2015-2016

Bláskógaskóli Laugarvatni

Virðing • Vinátta • Gleði

i



# Starfsáætlun 2023-2024

Ágúst 2023

# Efnisyfirlit

Bláskógaskóli Laugarvatni ..... 4

Inngangur ..... 4

Einkunnarorð og gildi skólans ..... 5

Opnunartími og almennar upplýsingar ..... 5

Skipurit Bláskógaskóla Laugarvatni ..... 1

Starfsmenn Bláskógaskóla ..... 1

Aðrir sem koma að skólastarfinu ..... 2

Nemendur Bláskógaskóla ..... 3

Leikskóladeild ..... 3

Grunnskóladeild ..... 3

Skóladagatal ..... 1

Skýringar með skóladagatali 2023-2024 ..... 1

Innra mat ..... 3

Ytra mat ..... 3

Hefðir ..... 4

Ráð og nefndir ..... 5

Skólaráð 2022-2023 ..... 5

Foreldrafélag ..... 5

Skólanefnd ..... 5

Nemendafélag ..... 6

Skólasáttmáli/Skólareglur ..... 7

Skólareglur Bláskógaskóla Laugarvatni ..... 7

Stoðþjónusta ..... 5

Heilsugæsla ..... 5

Sérfræðiþjónusta ..... 5

Félagsráðgjafi ..... 5

Bókasafn ..... 5

Tónlistarkennsla ..... 5

Símenntunaráætlun ..... 6

Tími til símenntunar eftir orlofsrétti ........ 6
Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti: ........ 6
Markmið símenntunaráætlunar eru: ........ 7
Framkvæmdaáætlun símenntunar ........ 7
Fjármögnun símenntunar ........ 9
Fundir: ........ 10
Öryggisáætlanir ........ 11
Óveðursáætlun ........ 11
Mötuneyti ........ 11
Umferð á skólalóð ........ 11
Skólaakstur ........ 12
Samstarf heimilis og skóla ........ 13
Lestrarstefna ........ 14
Grenndarsamfélagið ........ 15
Grænfáni ........ 15
Verklag snemmtækrar íhlutunar og sérkennslu ........ 16
Samfella á milli skólastiga ........ 17
Samfella á milli leik- og grunnskóla ........ 17
Samfella á milli grunn-og framhaldskóla ........ 18
Uppeldisáætlun ........ 19
ART – aggression replacement training ........ 19
Fræðsla til dyggða ........ 19
Vináttuverkefni Barnaheilla ........ 20
Leikskóladeild- Bláskógaskóla Laugarvatni ........ 21
Stefna leikskóladeildar ........ 21
Faglegt starf og dagskipulag ........ 21
Hagnýtar upplýsingar leikskóladeild ........ 24
Grunnskóladeild- Bláskógaskóla Laugarvatni ........ 28
Tilhögun kennslu ........ 28
Stundatöflur ........ 28
Frímínútur/gæsla ........ 30

Námsmat/próf ..... 30
1.- 4. bekkur ..... 30
5.-7. bekkur ..... 30
8.-10. bekkur ..... 31
Val og list- og verkgreinar ..... 33
Smiðjuhelgar ..... 33
Frístundaskóli ..... 33
Tómstundastarf og félagslíf ..... 34

# Bláskógaskóli Laugarvatni

## Inngangur

Starfsáætlun Bláskógaskóla Laugarvatni fyrir skólaárið 2022 – 2023 er hugsuð sem leiðarvísir skólastarfsins tiltekið skólaár. Markmið og viðfangsefni þess skólaárs má finna í þeirri áætlun.

Bláskógaskóli Laugarvatni er leik- og grunnskóli og má greina helstu áherslur og stefnu skólans í því umhverfi sem umlykur hann. Skólinn skilgreinir sig sem skóla fjölbreytileika þar sem lögð er sérstök áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og er útinám stór þáttur í stefnu skólans.

- Skólinn hefur markað sér sérstöðu í útinámi undanfarin ár. Markmið skólans með útináminu eru fjölþætt. Útinámið er kennsluaðferð þar sem ólíkum þörfum nemenda er mætt og þeir hafa val um nálgun á verkefni og úrslausnir þeirra með áherslu á að það sé ekki alltaf ein möguleg útkoma úr verkefni. Útinámið eflir læsi nemenda á umhverfi sitt og gefur þeim tækifæri á að kynnast viðfangsefnum sínum áþreifanlega. Samfelld útivera eflir seiglu nemenda og styrkir þá í að leita lausna og nýta sér bjargráð ýmiskonar. Útinámið er frábær leið til að efla tengslin við grenndarsamfélagið og eiga við það jákvæð samskipti. Útinám er marglaga leið til að nálgast nemendur þar sem þeir nýta fleiri skilningarvit í námi sínu og fá útrás fyrir hreyfiþörf. Góð þekking á útivist og æfing í útiveru eykur líkurnar á að nemendur tileinki sér heilbrigðan lífstíl og stundi útiveru í framtíðinni. Útivera eflir andlega og líkamlega heilsu og getur gert það til framtíðar. Útinámið eflir skilning nemenda á samspili sínu og náttúrunnar, hlutverk sitt í lífkerfinu og áhrif sín á umhverfið sem eykur þekkingu þeirra á lífbreytileika og sjálfbærni sem dæmi má nefna Allt þetta skiptir máli fyrir nemendur í dag og til framtíðar.
- Lestrarstefna Bláskógabyggðar er einnig mikilvægur þáttur í stefnu skólans. Skólinn leggur mikla áherslu á lestur, allt frá bernskulæsi til yndislestrar. Markvisst er unnið með lestur á hverju stigi skólans og hægt að nálgast þau markmið nánar á heimasíðu skólans. Lestur er eina reglulega heimanám skólans og lögð er mikil áhersla á að nemendur lesi bæði í skólanum og heima. Lögð er áhersla á samvinnu heimilis og skóla með lestur.
- Skólinn leggur áherslu á grunngildi menntunar; *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.* Grunnþættir menntunar eru leiðarljós við námskrárgerð og á nám í skólanum að endurspeglast í grunnþáttum menntunar.

Starfsáætlun skiptist í þrjá kafla. Sameiginleg markmið og þróunarstarf þvert á skólastig, starfsáætlun leikskóladeildar og starfsáætlun grunnskóladeildar.

# Einkunnarorð og gildi skólans

Nemendur, foreldrar og kennarar settu fram þau gildi sem þau töldu mikilvæg og lýsandi fyrir skólastarfið. Þau einkunnarorð sem skólasamfélagið valdi sér eru:

***Virðing, vinátta og gleði.***

Bláskógaskóli vinnur eftir skólastefnu Bláskógabyggðar sem endurskoðuð var árið 2020. Hér má finna skólastefnu Bláskógabyggðar.

# Opnunartími og almennar upplýsingar

Opnunartími skólans er frá 8:00 – 16:00

Símanúmer Bláskógaskóla Laugarvatni er 480-3030.

Netfang: laugarvatn@blaskogaskoli.is og

heimasíða skólans er http://blaskogaskoli.is.



# Skipurit Bláskógaskóla Laugarvatni



# Starfsmenn Bláskógaskóla

| Nafn | Netfang | Starfsheiti |
|---|---|---|
| Agnes Heiður Magnúsdóttir | agnes@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Ágústa Malmquist | agusta@blaskogaskoli.is | Leikskólaleiðbeinandi/grafískur hönnuður |
| Barbora Fialová | barbora@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Berglind Ragna Erlingsdóttir | berglind@blaskogaskoli.is | Kennari/smíði og hönnun |
| Borghildur Guðmundsdóttir | borghildur@blaskogaskoli.is | Deildarstjóri leikskóladeildar |
| Cat Froment | cat@blaskogaskoli.is | Frístundarstarfsmaður |
| Dagný Rut Gretarsdottir | dagny@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Erna Óðinsdóttir | erna@blaskogaskoli.is | Kennari/textíl og hönnun |
| Gróa Dal Haraldsdóttir | groa@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Guðbjörg Þóra Jónsdóttir | gudbjorg@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Guðmunda Valdimarsdóttir | gudmunda@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Guðni Sighvatsson | gudni@blaskogaskoli.is | Íþróttakennari |
| Guðný Ósk Vilmundardóttir | gudny@blaskogaskoli.is | Aðstoðarskólastjóri |
| Hallbera Gunnarsdóttir | hallbera@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Íris Anna Steinarrsdóttir | irisanna@blaskogaskoli.is | Skólastjóri |
| Jórunn Elva Guðmundsdóttir | jorunn@blaskogaskoli.is | Kennari |
| Katharina J. Wohlgemuth | kathrine@blaskogaskoli.is | Leikskólaleiðbeinandi/félagsfræðingur |
| Kristín Guðmundsdóttir | kristin@blaskogaskoli.is | Myndlist/stuðningur/frístund |
| Line Christiansen | line@blaskogaskoli.is | Matráður |
| Margrét Harðardóttir | margreth@blaskogaskoli.is | Kennari /Sérkennari |
| Ragnheiður Hilmarsdóttir | ragnheidur@blaskogaskol.is | Ritari/ART/frístund |
| Roswitha Maria Hammermuller | roswitha@blaskogaskoli.is | Iðjuþjálfi |
| Sigríður Gunnarsdóttir | sigridur@bllaskogaskoli.is | Leikskólakennari |
| Sigrún Ellen Pálsdóttir | sigrun@blaskogaskoli.is | Stuðningsfulltrúi |
| Sigrún Erna | sigrun30@gmail.com | Ræstingar |
| Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir | solveig@blaskogaskoli.is | Leikskólakennari |
| Snorri Guðjónsson | snorri@vortex.is | Skólabílstjóri s. 892-5139 |
| Sveinbjörn Einarsson | selbrunir@gmail.com | Skólabílstjóri s. 897-7678 |
| Thelma Rún Jóhannsdóttir | thelma@blaskogaskoli.is | Leikskólaleiðbeinandi |
| Tinna Diljá Kala Söndrudóttir | tinna@blaskogaskoli.is | Skólaliði |
| Þórður Rafn Guðjónsson | thordur@blaskogaskoli.is | Leikskólaleiðbeinandi |
| Valdís María Smáradóttir | valdis@blaskogaskoli.is | Sálfræðingur |

# Aðrir sem koma að skólastarfinu

| Nafn | Netfang | Starfsheiti |
|---|---|---|
| Anna Stefanía Vignisdóttir | annastefania@arnesthing.is | Talmeinafræðingur |
| Anný Ingimarsdóttir | anny@arnesthing.is | Félagsráðgjafi |
| Edda Sigurjónsdóttir | edda@arnesthing.is | Félagsráðgjafi |
| Gunnlaug Hartmannsdóttir | gunnlaug@arnesthing.is | Kennsluráðgjafi |
| Kristófer Tómasson | kristofer@blaskogabyggd.is | Framkvæmdasvið |
| Kristbjörg Guðmundsdóttir | sund-laug@blaskogabyggd.is | Forstöðumaður íþróttahús |
| Sigrún Helgadóttir | sigrun@arnesthing.is | Kennsluráðgjafi |

# Nemendur Bláskógaskóla

Í byrjun þessa skólaárs eru skráðir 79 nemendur í Bláskógaskóla á Laugarvatni.

## Leikskóladeild

Í leikskóladeild eru skráð 25 börn.

| Aldur | Piltar | Stúlkur | Alls: |
|---|---|---|---|
| Fædd 2022 | 3 | 1 | **4** |
| Fædd 2021 | 3 | 4 | **7** |
| Fædd 2020 | 3 | 2 | **5** |
| Fædd 2019 | 0 | 4 | **4** |
| Fædd 2018 | 1 | 4 | **5** |
| **Samtals:** | **10** | **15** | **25** |

## Grunnskóladeild

Í grunnskóladeild eru skráðir 54 nemendur.

| Bekkjardeildir | Piltar | Stúlkur | Alls: |
|---|---|---|---|
| 1. bekkur - Fædd 2017 | 3 | 0 | **3** |
| 2. bekkur - Fædd 2016 | 4 | 2 | **6** |
| 3. bekkur - Fædd 2015 | 2 | 3 | **5** |
| 4. bekkur - Fædd 2014 | 4 | 2 | **6** |
| 5. bekkur - Fædd 2013 | 3 | 2 | **5** |
| 6. bekkur - Fædd 2012 | 5 | 2 | **7** |
| 7. bekkur - Fædd 2011 | 2 | 4 | **6** |
| 8. bekkur - Fædd 2010 | 2 | 3 | **5** |
| 9. bekkur - Fædd 2009 | 3 | 4 | **7** |
| 10. bekkur - Fædd 2008 | 4 | 0 | **4** |
| **Samtals:** | **32** | **22** | **54** |

# Skóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Skóladagatal 2023 - 2024

**Nafn skóla:** **Bláskógaskóli**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | | 1 F | | 1 S | |
| 2 M | | 2 L | | 2 M | |
| 3 F | | 3 S | | 3 Þ | |
| 4 F | | 4 M | | 4 M | |
| 5 L | | 5 Þ | | 5 F | |
| 6 S | | 6 M | | 6 F | |
| 7 M | Frídagur verslunarmanna | 7 F | | 7 L | |
| 8 Þ | Leikskóli opnar | 8 F | Dagur læsis | 8 S | |
| 9 M | | 9 L | | 9 M | |
| 10 F | | 10 S | | 10 Þ | |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | Foreldradagur grunnskóli |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | **Vetrarfrí** |
| 13 S | | 13 M | | 13 F | **Vetrarfrí** |
| 14 M | Starfsdagur grunnskóli | 14 F | Smiðjudagar | 14 L | |
| 15 Þ | Starfsdagur grunnskóli | 15 F | Smiðjudagar | 15 S | |
| 16 M | Starfsdagur grunnskóli | 16 L | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | |
| 17 F | Starfsdagur grunnskóli | 17 S | | 17 Þ | |
| 18 F | **Sameiginlegur starfsdagur** | 18 M | | 18 M | |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | |
| 20 S | | 20 M | | 20 F | |
| 21 M | Starfsdagur grunnskóli | 21 F | | 21 L | |
| 22 Þ | **Skólasetning** | 22 F | | 22 S | |
| 23 M | | 23 L | | 23 M | |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | |
| 25 F | | 25 M | | 25 M | |
| 26 L | | 26 Þ | Evrópski tungumáladagurinn | 26 F | |
| 27 S | | 27 M | | 27 F | |
| 28 M | Tengslaferð | 28 F | | 28 L | Fyrsti vetrardagur |
| 29 Þ | Tengslaferð | 29 F | **Starfsdagar leikskóli- haustþing** | 29 S | |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | |
| 31 F | | | | 31 Þ | |
| | 8 | | 21 | | 20 |

| NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 M | | 1 F | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur |
| 2 F | Menningarferð | 2 L | | 2 Þ | **Sameiginlegur starfsdagur** |
| 3 F | Menningarferð | 3 S | | 3 M | |
| 4 L | | 4 M | | 4 F | |
| 5 S | | 5 Þ | | 5 F | |
| 6 M | | 6 M | | 6 L | Þrettándinn |
| 7 Þ | | 7 F | | 7 S | |
| 8 M | Baráttudagur gegn einelti<br>Foreldraviðtöl leikskóli | 8 F | | 8 M | |
| 9 F | Foreldraviðtöl leikskóli | 9 L | | 9 Þ | |
| 10 F | Foreldraviðtöl leikskóli | 10 S | | 10 M | |
| 11 L | | 11 M | | 11 F | |
| 12 S | | 12 Þ | | 12 F | |
| 13 M | Þemavika | 13 M | | 13 L | |
| 14 Þ | Þemavika | 14 F | | 14 S | |
| 15 M | Þemavika | 15 F | Jólamatur | 15 M | |
| 16 F | Dagur íslenskrar tungu | 16 L | | 16 Þ | |
| 17 F | Þemavika- uppskera | 17 S | | 17 M | **Starfsdagur grunnskóli** |
| 18 L | | 18 M | Litlu jól | 18 F | |
| 19 S | | 19 Þ | | 19 F | Bóndadagur - upphaf þorra |
| 20 M | Dagur mannréttinda barna | 20 M | | 20 L | |
| 21 Þ | | 21 F | | 21 S | |
| 22 M | | 22 F | | 22 M | |
| 23 F | | 23 L | Þorláksmessa | 23 Þ | |
| 24 F | | 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | |
| 25 L | | 25 M | Jóladagur | 25 F | |
| 26 S | | 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | |
| 27 M | | 27 M | | 27 L | |
| 28 Þ | | 28 F | | 28 S | |
| 29 M | | 29 F | | 29 M | Foreldradagur grunnskóli |
| 30 F | | 30 L | | 30 Þ | |
| | | 31 S | Gamlársdagur | 31 M | |
| | 22 | | 12 | | 20 |

| FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | Smiðjudagar | 1 F | | 1 M | Annar í Páskum |
| 2 F | Smiðjudagar | 2 L | | 2 Þ | |
| 3 L | | 3 S | | 3 M | |
| 4 S | | 4 M | | 4 F | |
| 5 M | | 5 Þ | | 5 F | |
| 6 Þ | Dagur leikskólans | 6 M | | 6 L | |
| 7 M | Dagur tónlistarskólans | 7 F | | 7 S | |
| 8 F | | 8 F | | 8 M | |
| 9 F | **Foreldramorgunverður** | 9 L | | 9 Þ | |
| 10 L | | 10 S | | 10 M | |
| 11 S | Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | | 11 F | |
| 12 M | Bolludagur | 12 Þ | | 12 F | |
| 13 Þ | Sprengidagur | 13 M | | 13 L | |
| 14 M | Öskudagur | 14 F | Dagur stærðfræðinnar | 14 S | |
| 15 F | | 15 F | | 15 M | Foreldraviðtöl leikskóli |
| 16 F | | 16 L | | 16 Þ | Foreldraviðtöl leikskóli |
| 17 L | | 17 S | | 17 M | Foreldraviðtöl leikskóli |
| 18 S | Konudagur - upphaf Góu | 18 M | Árshátíðarvika | 18 F | |
| 19 M | **Vetrarfrí** | 19 Þ | Árshátíðarvika | 19 F | |
| 20 Þ | **Vetrarfrí** | 20 M | Árshátíðarvika | 20 L | |
| 21 M | | 21 F | Árshátíðarvika | 21 S | |
| 22 F | | 22 F | Árshátíðarvika *2 | 22 M | |
| 23 F | | 23 L | | 23 Þ | |
| 24 L | | 24 S | Pálmasunnudagur | 24 M | |
| 25 S | | 25 M | | 25 F | Sumardagurinn fyrsti |
| 26 M | | 26 Þ | | 26 F | **Sameiginlegur starfsdagur** |
| 27 Þ | | 27 M | | 27 L | |
| 28 M | | 28 F | Skírdagur | 28 S | |
| 29 F | | 29 F | Föstudagurinn langi | 29 M | **Sameiginlegur starfsdagur** |
| | | 30 L | | 30 Þ | |
| | | 31 S | Páskadagur | | |
| | 19 | | 17 | | 18 |

| MAÍ | | JÚNÍ | |
|---|---|---|---|
| 1 M | Verkalýðsdagurinn | 1 L | |
| 2 F | Smiðjudagar | 2 S | Sjómannadagurinn |
| 3 F | Smiðjudagar | 3 M | |
| 4 L | | 4 Þ | |
| 5 S | | 5 M | **Skólaslit** |
| 6 M | | 6 F | Starfsdagur grunnskóli |
| 7 Þ | | 7 F | **Sameiginlegur starfsdagur** |
| 8 M | | 8 L | |
| 9 F | Uppstigningardagur | 9 S | |
| 10 F | | 10 M | |
| 11 L | | 11 Þ | |
| 12 S | | 12 M | |
| 13 M | | 13 F | |
| 14 Þ | | 14 F | |
| 15 M | | 15 L | |
| 16 F | | 16 S | |
| 17 F | | 17 M | Lýðveldisdagurinn |
| 18 L | | 18 Þ | |
| 19 S | Hvítasunnudagur | 19 M | |
| 20 M | Annar í Hvítasunnu | 20 F | |
| 21 Þ | | 21 F | |
| 22 M | | 22 L | |
| 23 F | | 23 S | |
| 24 F | | 24 M | |
| 25 L | | 25 Þ | |
| 26 S | | 26 M | Fæðingardagur forseta Íslands (ÓThJ) |
| 27 M | | 27 F | |
| 28 Þ | | 28 F | Sumarfrí leikskóli byrjar. |
| 29 M | | 29 L | |
| 30 F | | 30 S | |
| 31 F | | | |
| | 20 | | 3 |

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skóladagatalið er sameiginlegt fyrir leikskóla- og gunnskóladeild.

Viðburðir eða annað sem ekki er skráð inn á dagatal verða auglýst á heimasíðu eða í tölvupósti.

## Skýringar með skóladagatali 2023-2024

| Blár = leikskóladeild | Gulur = grunnskóladeild | Grænn = allir starfsmenn |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| 7. ágúst: | FRÍDAGUR VERSLUNARMANNA |
| 8. ágúst: | Leikskóladeild opnar klukkan 8:00 |
| 8.-14. ágúst | Endurmenntunardagar grunnskóladeildar |
| 15.-21. ágúst | Starfsdagar grunnskóladeildar |
| 18. ágúst: | Starfsdagur leik- og grunnskóladeild |
| 22. ágúst: | Skólasetning grunnskóladeildar klukkan 13:00 |
| 28.-29. ágúst: | Tengslaferð unglingastigs |
| 8. september: | DAGUR LÆSIS |
| 16. september: | DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU |
| 14. september: | Smiðjudagur 1 – *5.-7.bekkur – Kerhólsskóla* |
| 14.-15. september: | Smiðjuhelgi 1 – *8.-10.bekkur – Laugarvatni* |
| 26. september: | EVRÓPSKI TUNGUMÁLADAGURINN |
| 28.-29. september: | Menntakvika |
| 29. september: | Haustþing FL/FSL – Starfsdagur leikskóladeildar |
| 29.-30. september | Haustþing KÍ/SI |
| 11. október: | Foreldradagur grunnskóladeildar |
| 12.-13. október: | Haustfrí grunnskóladeildar |
| 2. nóvember: | Smiðjudagur 2 – *5.-7.bekkur - Flúðaskóla* |
| 2.-3. nóvember: | Smiðjuhelgi 2 – *8.-10.bekkur - Reykjavík* |
| 8. nóvember: | BARÁTTUDAGUR GEGN EINELTI |
| 8.-10. nóvember: | Foreldrasamtöl í leikskóladeild |
| 9.-11. nóvermber: | Skjálfti – 8.-10. bekkur |
| 13.-16. nóvember: | Þemavika – *uppbrotsdagar 1 - 5* |
| 17. nóvember: | Uppskeruhátíð |
| 16. nóvember: | DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU |
| 20. nóvember: | DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA |
| 1. desember: | FULLVELDISDAGURINN |
| 15. desember: | Jólamatur |
| 18. desember: | Litlu jólin, grunnskóladeild |
| 19.des.-1.jan: | Jólafrí, grunnskóladeild |
| 25. desember: | Jóladagur – Bláskógaskóli lokaður |
| 26. desember: | Annar í jólum – Bláskógaskóli lokaður |
| 1. janúar: | Nýjársdagur – Bláskógaskóli lokaður |
| 2. janúar: | Starfsdagur leik- og grunnskóladeild – Bláskógaskóli lokaður |
| 6. janúar: | ÞRETTÁNDINN |
| 17. janúar: | Starfsdagur grunnskóladeildar |
| 20. janúar: | BÓNDADAGUR |
| 29. janúar: | Foreldradagur í grunnskóladeild |
| 1. febrúar: | Smiðjudagur 3 – *5.-7.bekkur – Laugarvatni* |
| 1.-2. febrúar: | Smiðjuhelgi 3 – *8.-10.bekkur – Flúðaskóli* |

| | |
|---|---|
| 6. febrúar: | DAGUR LEIKSKÓLANS |
| 7. febrúar: | DAGUR TÓNLISTARSKÓLANS |
| 9. febrúar: | Foreldramorgunverður - leikskóladeild |
| 11. febrúar: | DAGUR ÍSLENSKS TÁKNMÁLS |
| 12. febrúar: | BOLLUDAGUR |
| 13. febrúar: | SPRENGIDAGUR |
| 14. febrúar: | ÖSKUDAGUR |
| 18. febrúar: | KONUDAGUR |
| 19.-20. febrúar: | Vetrarfrí – gunnskóladeild |
| 14. mars: | DAGUR STÆRÐFRÆÐINNAR |
| 18.-22. mars: | Árshátíðarvika – *uppbrotsdagar 6 - 10* |
| 25.-27. mars: | Páskafrí, grunnskóladeild |
| 28. mars: | SKÍRDAGUR – Bláskógaskóli lokaður |
| 29. mars: | FÖSTUDAGURINN LANGI – Bláskógaskóli lokaður |
| 1. apríl: | ANNAR Í PÁSKUM – Bláskógaskóli lokaður |
| 15.-17. apríl: | Foreldrasamtöl leikskóladeildar |
| 25. apríl: | SUMARDAGUINN FYRSTI – Bláskógaskóli lokaður |
| 26. apríl: | Starfsdagar leik- og grunnskóladeild *planið er námsferð erlendis.* |
| 29. apríl: | Starfsdagar leik- og grunnskóladeild *planið er námsferð erlendis.* |
| 1. maí: | VERKALÝÐSDAGURINN |
| 2. maí: | Smiðjudagur 4 – *5.-7.bekkur - Reykholtsskóli* |
| 2.-3. maí: | Smiðjuhelgi 4 – *8.-10.bekkur – Kerhólsskóli* |
| 9. maí: | UPPSTIGNINGARDAGUR – Bláskógaskóli lokaður |
| 20. maí: | ANNAR Í HVÍTASUNNU – Bláskógaskóli lokaður |
| 5. júní: | SKÓLASLIT grunnskóladeildar og leikskóladeildar klukkan 14:00 |
| 6. júní: | Starfsdagar grunnskóladeildar |
| 7. júní: | Starfsdagur allir – Bláskógaskóli lokaður |
| 17.júní: | LÝÐVELDISDAGURINN – Bláskógaskóli lokaður |
| 26. júní: | AFMÆLISDAGUR FORSETA ÍSLANDS |
| 30. júní: | Leikskóladeild lokar klukkan 14:00 - Bláskógaskóli kominn í sumarfrí |

# Innra mat

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að hver grunnskóli skuli með innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Það skuli byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika skólans og það sem betur má fara.

- Umbótaáætlun er unnin í upphafi skólaárs úr niðurstöðum skólapúlsins og starfsmannaviðtölum á haust og vorönn sem eru matstæki skólans varðandi innra mat.
- Starfsmannasamtöl eru fimm á skólaárinu og eru þau nýtt sem gögn í umbótaáætlun skólans.
- Skólapúlsinn framkvæmir foreldra og nemendakönnun á skólaárinu sem nýttar verða til umbótaáætlunar.
- Foreldrasamtöl á leikskóladeild og grunnskóladeild  gott dæmi um innra mat þar sem sett eru sameiginleg markmið fyrir skólaárið og þau endurskoðuð í næsta samtali.
- Samræðumat er mjög reglulegt og stór þáttur innra mats skólans þar sem óskað er eftir hugmyndum nemenda, foreldra eða starfsfólks ef leita þarf leiða til að meta skólastarfið á gagnlegan hátt. Hugarkort eru mikið notuð til þess eða þá þemagreindar þarfir eftir könnun.

Bláskógaskóli Laugarvatni leggur áherslu á að innra mat sé leiðbeinandi til að viðhalda góðum skólabrag og sé marktækt er horft er til líðanar nemenda og starfsfólks.

# Ytra mat

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. gr. laga nr. 90/2008 að:

- Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. gr. laga nr. 90/2008 að: veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda.
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Meginstef ytra mats er að það sé leiðbeinandi og framfara- og umbótamiðað og stuðli að betri skólastarfi. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Ytra mat var framkvæmt af Menntamálastofnun vorið 2019.

Umbótaáætlun vegna ytra mats.

## Hefðir

Margar hefðir hafa skapast í skólanum sem ætlunin er að halda fast í enda vel til tekist. Aðrar hefðir munu eðlilega skapast og förum við yfir þær helstu hér.

- Þemadagar eru þriðju vikuna í nóvember. Vinna þemadaga endar á flottri uppskeruhátíð.
- Jólin – í kringum jólin er jólaball, jólaföndur og ýmislegt gert til að fanga jólaandann.
- Árshátíð nemenda er á vorönn. Hún er haldin hátíðleg þar sem nemendur láta ljós sitt skína á sviðinu og foreldrum er boðið að taka þátt. Á unglingastigi verður sérstaklega unnið með viðfangsefnið árshátíð og verða þau í bundu vali hluta af skólaárinu sem verður sérstaklega tileinkað árshátíð.
- Skjálfti er skemmtilegt verkefni sem unnið er með skólum á Suðurlandi þar sem sköpun er lykilatriðið. Skjálfti er verkefni í takt við hugmynd Skrekks sem hefur verið í mörg ár af skólum á höfuðborgarsvæðinu.
- Skólinn fer í skíðaferð á skólaárinu, stefnt er að því að fara í skíðaferð í febrúar-apríl.
- Salur – allur skólinn frá 3ja ára upp í 10. bekk hittist í síðasta tíma annan hvern föstudag frá 11:30-12:00. Sungin eru 2-4 lög sem valin eru af hverju stigi fyrir sig. Helming tímans fær hvert stig fyrir sig til að njóta sín á sviðinu og velja nemendur sitt atriði og flytja það fyrir hópinn. Horft er til leiklistar, tónlistar og framkomu. Umsjónarkennari/deildastjóri aðstoðar sína nemendur og heldur utan um atriðið.
- Vorferðalög – allar deildir skólans fara saman í ferðalag að vori síðustu viku skólaársins. Viðfangsefni er valið eftir áhuga hverju sinni.

# Ráð og nefndir

Hlutverk skólaráðs er að fjalla um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstaráætlun og fleiri áætlanir sem lúta að starfsemi skólans. Einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Skólaráð skal skipa til tveggja ára í senn og þar eiga sæti tveir kennarar

## Skólaráð 2022-2023

Fulltrúi skólastjórnar: Íris Anna Steinarrsdóttir irisanna@blaskogaskoli.is
Fulltrúi kennara grunnskólastigs: Dagný Rut Gretarsdóttir dagny@blaskogaskoli.is
Fulltrúi kennara leikskólastigs: Thelma Rún Jóhannsdóttir thelma@blaskogaskoli.is
Fulltrúi foreldra leikskólastigs: Ragnheiður Bjarnadóttir ragnheidur@ml.is
Fulltrúi foreldra grunnskólastigs: Jórunn Elva Guðmundsdóttir jorunnelva@hotmail.com
Fulltrúi nemenda: Friðrik Smárason og Bjarki Þór Bjarnason.

## Foreldrafélag

Arnar Gunnarsson, formaður arnargunn87@gmail.com
Þóra Þöll Meldal Tryggvadóttir gjaldkeri thorameldal@gmail.com
Kristbjörg Guðmundsdóttir ritari, kristbjorg1@hotmail.com
Helga Björt meðstjórnandi, helgabjort89@gmail.com
Sigrún Ellen meðstjórnandi, sigellen@gmail.com

## Skólanefnd

Skólanefnd starfar í umboði sveitastjórnar. Fundir eru að jafnaði haldnir á um 6 vikna fresti. Í skólanefnd Bláskógabyggðar sem fer með málefni leik og grunnskóla eiga sæti:

- Áslaug Alda Þórarinsdóttir formaður,
- Harpa Sævarsdóttir,
- Sólmundur Magnús Sigurðarson,
- Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,
- Hildur Hálfdánardóttir.
- Borghildur Guðmundsdóttir (Áheyrnarfulltrúar starfsmanna leikskóla Bláskógabyggðar)
    - Guðbjörg Gunnarsdóttir til vara.
- Guðbjörg Þóra Jónsdóttir (Áheyrnarfulltrúi starfsmanna grunnskóla Bláskógabyggðar)
    - Freydís Örlygsdóttir til vara.
- María Carmen Magnúsdóttir - Áheyrnarfulltrúar foreldra grunnskólabarna
- Jórunn Elva Guðmundsdóttir - Áheyrnarfulltrúar foreldra leikskólabarna

## Nemendafélag

Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Nemendur ákveða sjálfir með hvaða hætti er skipað í stjórn. Nemendafélagið sér um uppákomur fyrir nemendur. Stjórn félagsins sinnir einnig lögboðinni hagsmunagæslu fyrir nemendur. Í nemandafélaginu vinna þau saman að þeim verkefnum sem fyrir liggja og hafa samvinnu að leiðarljósi. Þau vinna náið með Ragnheiði Hilmarsdóttur tómstundafræðingi og skipta hlutverkum stjórnar á milli sín eftir verkefnum hverju sinni.

Í ár eru fulltrúar í stjórn nemendafélags:

Arnar Leó Birkisson, Einar Máni Jónsson, Friðrik Smárason og Logi Smárason og munu þeir skipta með sér verkum.

# Skólasáttmáli/Skólareglur

Skólareglur Bláskógaskóla á Laugarvatni eru endurskoðaðar ár hvert og er hægt að nálgast á heimsíðu skólans Skólareglur.

## Skólareglur Bláskógaskóla Laugarvatni

Samkvæmt reglugerð nr.1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur þar sem fram koma skýr viðbrögð við brotum á reglunum. Stuðlað sé að jákvæðri hegðun og miðað sé að því að rækta persónulegan þroska og hæfni nemenda. Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og er leitast við að ná sem víðtækastri sátt um þær. Á hverju ári eru skólareglur kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær eru birtar á vef skólans. Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð og skyldur.

Gildi skólans eru leiðarljós hans í öllu starfi, þau eru:

**Virðing, vinátta og gleði.**

**Skólareglur Bláskógaskóla Laugarvatni má sjá hér fyrir neðan.**

### *Almenn umgengi*

*Í Bláskógaskóla Laugarvatni kappkostum við að:*

1. Bera virðingu fyrir öllum þeim sem skólasamfélagið mynda, skólastofnunni og fyrir umhverfi skólans.
2. Virða umferðareglur á leiðum okkur í kringum skólann og nota þann öryggisbúnað sem við á hverju sinni.
3. Klæða okkur eftir veðri. Allir nemendur fara í frímínútur en nemendur í 8-10 bekk hafa frjálst val í seinni frímínútum.
4. Gæsla sé sýnileg í frímínútum og nemendur eigi góð samskipti sín á milli í frímínútum og leiti leiða til að leysa þau ágreiningsmál sem upp koma fljótt og örugglega í góðri samvinnu við þá sem eru í gæslu.
5. Hjól eru leyfð í skólanum til að nýta í frímínútum og til að hjóla á milli staða þar sem kennsla fer fram. Hjól eru þó í eigu nemenda og á ábyrgð foreldra. Á þeim tíma sem hjól getur skapað aukna slysahættu vegna hálku mun skólinn taka ákvörðun um notkun þeirra og láta nemendur og foreldra vita. Mikilvægt er að nemendur virði eigur hvers annars.
6. Símar og önnur tæki sem eru í eigu nemenda eru alfarið á ábyrgð foreldra. Ekki er ætlast til að nemendur komi með slík tæki í skólann og nýti til kennslu. Ef nota þarf slík tæki er mjög mikilvægt að það sé með fengnu leyfi kennara. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
7. Fá leyfi kennara eða skólayfirvalda ef þarf að taka myndir, hljóð eða myndskeið. Gildir það í öllu skólastarfi á vegum skólans.

## *Samskipti/Háttsemi*

*Í Bláskógaskóla Laugarvatni kappkostum við að:*

1. Sýna virðingu, vináttu og gleði í samskiptum okkar innan skólasamfélagsins.
2. Nemendur, kennarar og foreldrar leggi áherslu á jákvæð samskipti og sýni hlutverki hvers annars skilning.
3. Foreldrar eru hvattir til að koma á viðburði á vegum skólans. Þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg.
4. Koma fram af prúðmennsku í skólanum og annars staðar á hans vegum.
5. Kynna starf skólans reglulega á heimsíðu skólans og bjóða nærsamfélaginu þannig að fylgjast með starfi skólans.
6. Beita jákvæðum leiðum í samskiptum. Ofbeldi er ekki samþykkt, hvorki í orðum né gjörðum.
7. Ef upp koma áresktrar í samskiptum á milli aðila innan skólasamfélagsins er lögð mikil áhersla á það finna lausn sem fyrst til stuðla að góðu náms og vinnuumhverfi. Við getum gert misstök en leitumst við að sýna auðmýkt gagnvart hvort öðru og lærum af þeim.

## *Hollusta og heilbrigðar lífsvenjur*

*Í Bláskógaskóla Laugarvatni kappkostum við að:*

1. Stuðla að mikilvægri hvíld og hvetja nemendur og foreldra til að tileinka sér jákvæðar svefnvenjur. Góð hvíld stuðlar að betri heilsu og er undirstaða árangurs í námi.
2. Efla þekkingu á mikilvægi næringar og neyslu á fjölbreyttum mat. Horft er til Markmiða lýðheilsustöðvar og landlæknis í því sjónarmiði.
3. Horfa jákvætt á hreyfingu og efla hana á skólatíma. Þar séu stundir í boði þar sem sérstaklega er horft á að efla hreyfingu svo hún verði eðlilegur hluti af daglegu lífi nemenda og starfsfólks skólans.
4. Skólalóð sé vel útbúin leiktækjum til að efla þætti hreyfingar og vekja áhuga nemenda að stunda fjölbreytta hreyfingu.
5. Horfa saman til hreinlætis og snyrtimennsku í skólanum og leitum leiða til að bæta það sem þarf að bæta hratt og örugglega.
6. **Öll neysla orkudrykkja, áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólahúsæði og á viðburðum er viðkoma starfi skóla.**

*Horft sé til markmiða lýðheilsustöðvar er viðkemur svefn, næringu, hreyfingu og almennu heilbrigði.* https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/naering/

## *Ábyrgð, réttindi og skyldur*

*Í Bláskógaskóla Laugarvatni kappkostum við að:*

1. Virða skólareglur og bera ábyrgð á framkomu okkar.
2. Bera virðingu fyrir hlutverkum þeirra er að skólasamfélaginu koma
3. Stuðla að öryggi og velllíðan nemenda , foreldra og starfsfólks með skólareglum og stuðla að góðri og skilningsríkri samvinnu þeirra á milli. Við höfum rétt á að lýsa skoðun okkar í þeim málum sem okkur varðar og skal tekið réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska.
4. Framkoma okkar einkennist ávalt af virðingu, vinsemd og gleði. Við berum sjálf ábyrgð á persónulegum verðmætum sem koma í skólann. Óheimilt að koma með tæki og tól í skólann sem geta valdið skaða.
5. Muna að skólareglur eru í fullu gildi á öllum samkomum og í ferðum á vegum skólans.

## *Skólasókn*

*Í Bláskógaskóla Laugarvatni kappkostum við að:*

1. Virða skólaskyldu, mæta stundvíslega, vel undirbúin og með þau gögn sem nota skal.
2. Tilkynna um forföll nemenda samdægurs til skólans og sækja um skriflegt leyfi ef um fleiri en tveggja daga forföll er um að ræða. Foreldrar sjá um að láta skólann vita.
3. Muna að foreldrar bera ábyrgð á námi barns síns ef um langtímaleyfi er að ræða.
4. Vera stundvís og bera virðingu fyrir tíma annarra, allsstaðar.
5. Skrá strax ef nemandi mætir of seint eða er fjarverandi í tíma. Skráð er í Mentor. Foreldrar hafa aðganga að skráningum barna sinna og ber að fylgjast með stundvísi þeirra.

Bláskógaskóli Laugarvatni
Virðing • Vinátta • Gleði

# Fjarvistir

*Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn*

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingar fjarvista (sb. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma).

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep en einnig mikilvægt að viðbrögð séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda. Fjarvist telst þegar nemandi mætir 20 mín of seint í tíma eða skrópar

**ÞREP 1**

2-4 FJARVISTIR

Umsjónarkennari ræðir við nemanda um skólasóknina og á samtal við foreldra.

**ÞREP 2**

5-9 FJARVISTIR

Þrep 1 endurtekið.
Boðað til fundar með foreldrum og nemanda (ef við á). Tilkynning til skólastjórnenda.

**ÞREP 3**

10-14 FJARVISTIR

Fundur með umsjónarkennara og nemanda, ásamt foreldrum og skólastjórnendum.

**ÞREP 4**

15-24 FJARVISTIR

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði með vitneskju foreldra.
Skólastjórnendur boða foreldra til fundar og geta óskað eftir aðkomu skólaþjónustu Árnesþings sem jafnframt er upplýst um stöðu mála. Áætlun um aðgerðir sett fram.

**ÞREP 5**

25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI

Skólinn tilkynnir skólasókn nemanans til Barnaverndar og skólaþjónustu Árnesþings. Fram kemur í tilkynningu frá skóla hvað hafi verið gert í fyrri þrepum, einnig mat á stöðu og líðan nemandans og samskipti við foreldra. Ef barnavernd telur úrræði skólans ekki fullreynd, óskar hún eftir nánari upplýsingum. Barnavernd boðar til tilkynningarfundar. Á fundinn eru boðaðir foreldrar, nemandi og skólastjórnendur. Gerð er áætlun sem skóli, foreldrar og barnavernd skrifa undir þar sem samstarf er heimilað.

*Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla“*

Bláskógaskóli Laugarvatni
Virðing • Vinátta • Gleði

# Leyfi og veikindi

*Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn*

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða eða lengra aftur ef langt er liðið á skólaárið (staðfest langtímaveikindi eru hér frátalin).
Skóli sendir póst heim til foreldra a.m.k. tvisvar í mánuði.
Skóli getur óskað eftir viðeigandi vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum.
Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemenda. Einn dagur samanstendur af sjö kennslustundum.




*Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla“*

## *Punktakerfi vegna mætinga*

- Komi nemandi of seint í kennslustund fær hann einn punkt
- Tvo ef hann er fjarverandi
- Þrjá ef honum er vísað úr tíma.
- Seint telst það ef nemandi kemur eftir að starf er hafið, en innan við 15 mínútur eru liðnar af tímanum.
- Það telst óheimil fjarvist ef nemandi mætir eftir að kennslustund er hálfnuð eða mætir alls ekki í tíma án þess að hafa fengið leyfi fyrirfram.
- Skólasókn er tekin saman fyrir hverja önn.

**Skólasóknareinkunn byggir á eftirfarandi punktakerfi:**

| Punktar | Einkunn |
|---|---|
| 0-4 | A |
| 5-13 | B |
| 14-35 | C |
| 36-60 | D |
| 61- | E |

Kennarar skrá ástundun nemanda og ef þeir hafa samband heim eða halda fundi vegna ástundunar. Fari punktar vegna sein komu eða fjarvista yfir ákveðinn fjölda er gripið til eftirfarandi aðgerða:

| | |
|---|---|
| 10 punktar | Umsjónarkennari hefur samband við forráðamanna og gerir honum grein fyrir stöðunni. Leitað er leiða til úrbóta í samvinnu við forráðamann. |
| 20 punktar | Umsjónarkennari fundar með nemanda og forráðamanni þar sem leitað er leiða til að bæta ástandið. |
| 30 punktar | Umsjónarkennari fundar með nemanda og forráðamanni hans þar sem leitað er leiða til að bæta ástandið. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri mætir á fundinn ásamt fulltrúa barnaverndar |
| 40 punktar | Máli nemanda vísað til nemandaverndarráðs og áfram til barnaverndarnefndar. Eftir að máli hefur verið vísað til nefndarinnar vegna slakrar skólasóknar skal umsjónarkennari senda starfsmanni barnaverndar vikulega yfirlit yfir mætingar |

- Ef nemanda er vísað úr kennslustund hringir viðkomandi kennari heim til nemanda, greinir frá málavöxtum og býður upp á fund með nemanda og forráðamanni.
- Kennari skal einnig láta umsjónarkennara vita.
- Ef slíkt gerist oftar en einu sinni skal vísa nemanda til skólastjóra sem tekur ákvarðanir um framhald málsins.
- Foreldrar og umsjónarkennari eru látnir vita og nemandinn mætir ekki í fleiri kennslustundir þann daginn.
- Ef brottvísanir eru ítrekaðar/ef framkoma lagast ekki er hægt að vísa nemanda úr skóla meðan mál hans er kannað og fundin viðeigandi lausn.
- Slíkt getur jafnframt leitt til þess að viðkomandi nemandi verði útilokaður frá þátttöku í ferðum og/eða samkomum á vegum skólans um lengri eða skemmri tíma.

## *AFSKRIFTIR OG UMBÆTUR Á MÆTINGU:*

1. Hafi enginn punktur verið skráður á nemanda í þrjár vikur fækkar punktum um 12.
2. Eftir það fækkar punktum um fjóra fyrir hverja viku.
3. Ef nemandi fær punkt byrjar kerfið upp á nýtt þ.e. það verða að líða þrjár vikur o.s.frv.

## *Brot á skólareglum*

| ÞREP 1 | *Aðgerðir og viðurlög* |
|---|---|
| • Þras, ögrun, rifrildi<br>• Slæm umgengni<br>• Truflun í leik og/ eða starfi | ✓ Starfsmaður ræðir einslega við nemanda.<br>✓ Nemanda er leiðbeint og lögð er áhersla á að hann þekki regluna og sýni vilja til þess að gera betur næst.<br>✓ Lögð er áhersla á virðingu og að starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu.<br>✓ Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 1.þreps hegðunarfrávik, samsvarar það 2. þrepi og skal viðbrögðum framfylgt samkvæmt því. |
| ÞREP 2 | *Aðgerðir og viðurlög* |
| • Særandi og niðrandi orðbragð, hæðni.<br>• Neita að fylgja fyrirmælum<br>• Ósannsögli, svik, svindl<br>• Áreitni, hrekkir, stríðni<br>• Áflog og erfið samskipti | ✓ Kennari hefur samband við foreldra/forráðamenn og skráir atvikið í á þar tiltekin samskiptablöð. Ef nemandi sýnir ekki bætta hegðun boðar umsjónarkennari foreldra /forráðamenn til fundar og lausna er leitað.<br>✓ Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 2.þreps hegðunarfrávik, samsvarar það 3. þrepi og skal viðbrögðum framfylgt samkvæmt því. |
| ÞREP 3 | *Aðgerðir og viðurlög* |
| • Alvarleg truflun á skólastarfi<br>• Ofbeldi og einelti<br>• Bein ögrun eða óhlýðni<br>• Þjófnaður eða skemmdarverk<br>• Að nota eða hafa undir höndum vopn, vímuefni, tóbak eða tóbakslíki. | ✓ Starfsmaður lætur skólastjórnendur vita að 3. þreps máls sé komið upp.<br>✓ Skólastjórnendur taka ákvörðun um framvindu málsins í samræmi við viðbragðsáætlanir skólans. Hann skráir málið og úrvinnslu á þar til gerð samskiptablöð og gerir umsjónarkennara grein fyrir stöðu mála.<br>✓ Haft er samband við foreldra/forráðamenn eins fljótt og hægt er og tryggt að upplýsingarnar séu mótteknar. Fundur boðaður.<br>✓ Nemandi fer ekki aftur inn í eigin bekkjaraðstæður fyrr en fundað hefur verið og málið til lykta leitt. Skoða þarf frímínútur sérstaklega.<br>✓ Lausnarleiðin er ákveðin í samráði við þá aðila sem málið varðar.<br>✓ Finnist ekki viðunandi lausn er málinu vísað til skólanefndar.<br>✓ Vísa má nemanda tímabundið úr skóla sbr. 14.gr laga um grunnskóla nr. 91/2008 |

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

**14. gr.** *Ábyrgð nemenda.*

- ☐ Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.
- ☐ Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.
- ☐ Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.
- ☐ Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.
- ☐ Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.
- ☐ Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

Sjá einnig reglugerð nr. 1040/2011 um Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

# Stoðþjónusta

## Heilsugæsla

Heilsugæslustöðin í Laugarási hefur með höndum eftirlit og skoðanir samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Árlega fer fram heilbrigðiseftirlit á öllum skólabörnum sem er kölluð skólaskoðun og boðuð með bréfi eða tilkynnt með fyrirvara. Skólahjúkrunarfræðingur er Bjarney Vignisdóttir og verður hún á Laugarvatni aðra hverja viku á fimmtudögum. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Heilsugæslustöðinni í Laugarási í síma 432-2770

## Sérfræðiþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings veitir skólanum þá þjónustu sem beðið er um eða óskað eftir á hverjum tíma. Oftast eru það kennarar í samráði við foreldra, sem vísa nemendum til þeirra er fara með þá þjónustu. Foreldrar geta einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Skólaþjónustunnar www.arnesthing.is

## Félagsráðgjafi

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir félagsráðgjafi starfar fyrir velferðarþjónustu Árnesþings og hefur aðsetur í Heilsugæslunni í Laugarási. Viðvera hennar er alla virka daga í Laugarási. Vinsamlegast athugið að panta þarf viðtal með fyrirvara í síma 480-1180

## Bókasafn

Skólinn mun standsetja aðstöðu sem ætluð verður bókasafni við enda gangs á efri hæð. Innkaup og skráning verður áfram hlutverk forstöðumanns bókasafns ML Sem sér til þess að fjölbreyttar bækur verða ávallt á boðstólum. Að auki verður stefnt að reglulegum ferðum á bókasafn ML þar sem aðstaða er mjög góð til ýmissa verkefna.

## Tónlistarkennsla

Tónlistarskóli Árnessýslu starfar í Bláskógaskóla Laugarvatni frá september til maí. Skólastjóri hans er Helga Sighvatsdóttir. Skólinn hefur aðsetur að Skólavöllum 3, Selfossi og hægt er að fá samband í síma 482-1717, 482-1691/861-3884.
Tónlistarskólinn hefur aðstöðu á neðri hæð skólans og koma tveir kennarar tónlistarskólans í hverri viku og eru hér á mánudögum og fimmtudögum.
Þrír tónlistarkennarar sinna kennslunni hér á Laugarvatni: Gestur Áskelsson, Luke Starkey og Jón Bjarnason.
Heimasíða: www.tonar.is

# Símenntunaráætlun

Símenntun er yfirheiti allrar menntunar sem einstaklingar sækja. Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að efla sig í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessara tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

## Tími til símenntunar eftir orlofsrétti

**30 daga** orlofsréttur
38 ára – 102 klst.

→

**27 daga** orlofsréttur
30 ára – 126 klst.

→

**24 daga** orlofsréttur
– 150 klst.

## Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti:

1. **Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann**
2. **Þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.**

Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla enda séu þau á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu.

Starfsfólk heldur utan um þann tíma sem nýttur er í símenntun ár hvert á sérstöku eyðublað sem starfsmenn fylla út. Símenntun kennara er margskonar, allt frá bókalestri til ráðstefna. Kennarar hafa farið á námskeið á vegum H.Í. sem hafa fallið að þörfum skólans sem og þörfum kennarans hverju sinni. Skólaþjónustan bíður einnig upp á margskonar fræðslu sem hefur verið vel sótt af kennurum skólans. Kennarar eru hvattir til að sækja námskeið/ráðstefnur sem fanga þeirra áhuga í skólastarfi hverju sinni og einnig getur skólinn lagt til að kennarar fari á ákveðin námskeið er eiga við skólastarfið hverju sinni.

Kennarar og starfsmenn skólans eru hvattir til símenntunar á námskeiðum á vegum Skólaþjónustu Árnesþings. Einnig skipuleggur skólinn ferðir með starfsmannahópinn á starfsdögum eftir markmiðum skólaársins hverju sinni. Það er mjög mikilvægt fyrir

kennara, stjórnendur og starfsfólk að kynnast fjölbreyttu skólastarfi og fá að skyggnast inní skólastarf í öðrum skólum. Það kviknar oft á góðum hugmyndum sem auðvelt er að framkvæma í heimaskóla og bæta skólastarfið í leiðinni.

# Markmið símenntunaráætlunar eru:




## Framkvæmdaáætlun símenntunar

Til þess að mæta fjölbreyttri símenntunarþörf skólans eru námskeið og fræðslufundir í upphafi skólaárs en einnig á starfstíma skólans. Fundir í starfsmannahópnum eru einnig nýttir til þess að skapa lærdómssamfélag þar sem fólk deilir hugmyndum og lærir hvert af öðru. Á fundartímum er oft boðið upp á fræðsluerindi eða fyrirlestra sem tengjast þeim viðfangsefnum sem þarf að taka fyrir hverju sinni. Þá eru starfsdagar einnig nýttir til starfsþróunar og símenntunar. Á starfstíma skóla eru einnig skipulögð námskeið á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem falla inn í símenntunaráætlun skólans.

Starfsþróun og símenntun kennara er 10 gr. í kjarasamningi;

*Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, símenntunar– og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. Kennarar yngri en 30 ára eru með 150 klst. í starfsþróun árlega. Kennarar 30-37 ára eru með 126 klst. og 38 ára og eldri eru með 102 klst. Aðrar starfsstéttir hafa ákvæði um símenntun í kjarasamningum. Starfsfólk er hvatt til að kynna sér ákvæðin.*



Í ágúst eru endurmenntunar og starfsdagar kennara. Sameiginlegur starfsdagur starfsmanna leik- og grunnskólastigs er nýttur til að fara yfir skólanámskrá, stefnu skólans og aðra þætti er viðkoma nýju skólaári. Námskeið á vegum skólaþjónustunnar er í boði á starfsdögum. Teymin setja saman markmið fyrir veturinn og undirbúa vinnu skólaársins í heild. Teymin skipuleggja fundi, að jafnaði einu sinni í viku sem skráð verða á stundatöflu, halda fundargerðir á kennarasameign. Haustþing leikskólakennara og grunnskólakennara verður haldið á haustmánuðum og Menntakvika í Háskóla Íslands einnig. Farið verður yfir umbótaáætlun og markmið sett fyrir veturinn. Allar áætlanir skólans yfirfarnar og ýmsir fræðslufundir verða á vegum skóla- og velferðarþjónustu Árnesinga

## Fjármögnun símenntunar

**Skólinn**

- **Skólinn greiðir 100%**
- Vinnustaðurinn greiðir laun starfsmanns og námskeiðsgjöld.
- Starfstengt ósk stjórnanda og þátttakanda er innan vinnutíma. Starfstengd ósk starfsmanns og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda.
- Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni skólastjóra.

**Skóli og starfsmaður**

- **Skólinn greiðir og starfsmaður.**
- Skólinn greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en ef námskeið er fyrir utan vinnutíma er ekki greidd yfirvinna. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald / sækir í sjóðinn sinn.
- Sækja þarf um með góðum fyrirvara til skólastjóra, sem metur aðstæður hverju sinni.

**Starfsmaður**

- **Starfsmaður greiðir 100%**
- Starfsmaður fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.
- Óljós eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf.
- Sækja þarf um með góðum fyrirvara til skólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi skólans að starfsmaður sé frá vinnu.

# Fundir:

Sameiginlegir starfsmannafundir, með öllu starfsfólki Bláskógaskóla á Laugarvatni verða haldnir 18. ágúst, 2.janúar, 26. og 29. apríl og 7. júní.

Öll teymi skólans funda einu sinni í viku ásamt því að:

- ☐ Kennarafundir verða á fimmtudögum klukkan 14:45-16:00.
- ☐ Leikskólastarfsmanna fundir á mánudögum klukkan 12:30-13:00 eða þegar börnin eru í hvíld.
- ☐ Annað starfsfólk fundar á föstudögum klukkan 10:00-10:30.

# Öryggisáætlanir

Áætlanir skólans eru yfirfarnar og endurskoðaðar í upphafi skólaárs. Áætlanir skólans eru aðgengilegar á heimasíðu skólans og þær er hér:

SETJA HIPER LINK Á ALLAR Á ALLAR ÁÆLTLANIRNAR – Í STFRÓFSRÖÐ - VANTAR

## Óveðursáætlun

Í óveðrum eða mikilli ófærð verða foreldrar sjálfir að meta aðstæður og ákveða hvort börnin eru send í skólann eða höfð heima. Í flestum tilfellum berst tilkynning frá skólanum í gegnum fjölmiðla, heimasíðu skólans eða síma eins fljótt og unnt er ef skólahald eða skólaakstur fellur niður. Nauðsynlegt er að láta skólabílstjóra og skóla vita ef börnin eru heima vegna veðurs.

# Mötuneyti

Máltíðir eru fengnar frá mötuneyti Menntaskólans að Laugarvatni þar sem Sveinn Ragnar Jónsson er matráður. Aðstoðarmatráður við skólann er Line Christansen. Matartími nemenda og starfsfólks leikskóla og grunnskóla er frá kl. 11:20-12:30.

# Umferð á skólalóð

Öll umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð á skólalóð. Einungis geta þeir bílar sem koma að vöruflutningum keyrt að skólanum. Ökumenn eru hvattir til að sýna ýtrustu varkárni þegar börn eru úti að leik. Gestir skólans og starfsfólk er hvatt til að nota bílastæði við íþróttafræðahús H.Í. og til að hafa ekki bíla í lausagangi.

# Skólaakstur

Áætlanir skólabíla má sjá á heimsíðu skólans. Skóladagurinn hefst um leið og nemandinn er kominn í skólabílinn. Skólareglur gilda frá þeim tíma svo og aðrar reglur er varða skólabílinn sérstaklega. Þær reglur hljóða þannig:

- Börnin eiga að sitja kyrr í sætum sínum í skólabílnum
- Bílstjóri ekur ekki af stað fyrr en allir eru sestir í sitt sæti og hafa sett á sig bílbelti.
- Skólabílstjórar eru beðnir að láta skólastjórnendur vita tafarlaust ef fyrrgreindum reglum er ekki framfylgt.
- Mikilvægt er að nemendur og foreldrar virði tímaáætlun skólabíla og láti vita tímanlega ef nemendur eru í leyfi, með veikindi eða munu ekki koma með tiltekinn dag.
- Skólareglur gilda í skólabíl.

**Skólabílstjórar í Bláskógaskóla Laugarvatni eru:**

- ☐ Snorri Guðjónsson, Laugardal — s. 892-5139
- ☐ Sveinbjörn Einarsson, Þingvallasveit — s. 897-7678

**Tímaáætlun skólabíla**

| Snorri: | Sveinbjörn |
|---|---|
| 7.20 – Efri Reykir | 7.20 – Heiðarbær 1 |
| 7.26 – Efsti Dalur | 7.25 – Heiðarbær 4 |
| 7.33 – Böðmóðstaðir | 7.40 – Heiðarás |
| 7.42 – Laugardalshólar | |
| 7.49 – Miðdalskot | |

# Samstarf heimilis og skóla

Einn af hornsteinum skólastarfsins er gott foreldrasamstarf. Það er í raun lykilatriði til að góður árangur náist í skólastarfinu að foreldrar og forráðamenn séu vel upplýstir um það starf sem fram fer í skólanum hverju sinni. Góð samskipti á milli allra aðila sem mynda skólasamfélagið eru mikilvæg og geta skipt miklu máli þegar horft er til að bæta líðan og ánægju nemenda í skólanum. Þegar þátttöku foreldra er vænst mun skólinn leggja sig fram um að ná athygli sem flestra foreldra. Í þeim ráðum og nefndum sem skólinn skal hafa er einnig mikilvægt að ekki sitji sömu foreldrar. Þannig eykst þátttaka og fleiri koma að skólasamfélaginu.

Á skólaárinu er skipulagður foreldradagur allra nemenda í Bláskógaskóla Laugarvatni þar sem gefst tækifæri til að ræða almenna líðan nemenda í skólanum og markmið í námi. Hvatt er til samtals við kennara á öðrum tímum skólastarfsins ef þarf. Námsmat er aðgengilegt á Mentor og hægt að fylgjast með framvindu nemenda þar jafnt og þétt yfir skólaárið. Í október og febrúar verður foreldradagur þar sem nemendur og foreldrar koma í samtal við kennarateymi þeirra deildar. Í því samtali verður farið yfir námsmat, líðan, ástundun og nemendur, foreldrar og kennarar setja sér markmið fram að skólalokum.

Horft verður til nemendastýrðra foreldraviðtala. Fyrirkomulag nemendastýrðra foreldraviðtala er ætlað að virkja og valdefla nemandann með það að markmiði að auka trú hans á eigin getu. Markmiðið er að nemandinn geti haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt og viti hvar hann er staddur, hvert hann stefnir og hvað er góður árangur. Umsjónarkennari og nemandi undirbúa viðtalið þannig að nemandi lítur til baka og velur sér verkefni sem hann telur gott til að sýna styrkleika sinn.

# Lestrarstefna

Lestrarstefna Bláskógabyggðar er aðgengileg á heimasíðu Bláskógabyggðar og vinnur skólinn eftir þeirri stefnu í sínu starfi. Hér má finna lestrarstefnu Bláskógabyggðar.

# Grenndarsamfélagið

Lögð er áhersla á að vinna verkefni í og með grenndarsamfélaginu eins og hægt er. Meðal verkefna á árinu er að halda áfram samstarfi við Fuglafræðisetur Háskóla Íslands sem hefur aðsetur á Laugarvatni. Það samstarfsverkefni snýr að fuglatalningu sem nýtist í rannsóknir vísindamannanna.

- Gott samstarf er með Skógrækt Ríkisins um afnot af Eldaskálanum húsi sem að skógræktin byggði á Laugarvatni. Sérfræðingar skógræktarinnar eru skólanum innan handar með efni og fræðslu.
- Samstarf og samtal við Menntaskólann að Laugarvatni hefur verið skólanum til góðs. Jákvæðni til að nýta aðstöðu hefur verið mikil og vonir eru til að ýta enn frekar undir gott samstarf við það skólastig.
- Skólinn hefur einnig átt í góðu samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga á og við Laugarvatn. Meðal annars vegna smiðjuhelga sem eru haldnar og í kringum þemaverkefni.
- Áhugasviðsverkefni á unglingastigi hafa einnig notið góðs af grenndarsamfélaginu og höfum við getað leitað í þá þekkingu sem býr í samfélaginu við góðar og jákvæðar undirtektir.

# Grænfáni

Skólinn hefur um árabil verið grænfánaskóli. Það þýðir að unnið er samkvæmt viðmiðum og verklagi grænfánaverkefnisins að því að efla náttúruvernd og umhverfisfræðslu. Grænfánaverkefninu er stýrt af umsjónarmanni sem jafnframt stýrir starfi grænfánanefndarinnar. Guðni Sighvatsson hefur unnið það verkefni af kostgæfni og flaggaði skólinn grænfánanum í 6. sinn sl. vor. Grænfáninn gengur út á að á tveggja ára fresti vinnur skólinn verkefni sem snúast um þemu sem valinn er af umhverfisnefnd skólans. Sú nefnd er að mestu byggð í kringum nemendur sem hafa mikil áhrif á það hvaða þemu eru valin og leiða síðan þá vinnu að greina stöðuna og vinna umbótaáætlun sem síðan er unnin á þeim árum sem verkefnið er. Lögð er áhersla á nemendalýðræði og að nemendur leiði að mest þá vinnu.

# Verklag snemmtækrar íhlutunar og sérkennslu

Snemmtæk íhlutun er mikilvæg og í Bláskógaskóla og mikilvægt að bregðast við á faglegan hátt svo skólagangan verði sem farsælust hverjum nemanda. Snemmtæk íhlutun á sér oftast stað fyrir 6 ára aldurinn, áður en nemandi byrjar í grunnskóla og/eða eftir að frávik í þroska hafa verið uppgötvuð og snýst um að efla ákveðna færni sem barn hefur ekki náð að þróa eða þroska með sér ef horft er til ákveðinna skimana í málþroska- og/eða hegðunarþátta. Eftir að barn kemur í grunnskóla er reglulega metin þörf á sérkennslu til að efla færni barnsins í ákveðum þroskaþáttum hverju sinni. Verkferlar eru síðan aðlagaðir.

**Verkferlar eru eftirfarandi:**

1. Farið er yfir fyrri skimanir frá leikskóla eða öðrum skólastofnunum. Ef um frávik er að ræða frá fyrri skólastigum skal umsjónarkennari leitast eftir samstarfi við foreldra og kalla eftir þeim upplýsingum sem þarf að vinna með til að fara yfir stöðu nemanda hverju sinni.
2. Fundur með foreldrum, farið yfir stöðuna og hún metin í samstarfi við foreldra áður en næstu skref eru ákveðin.
3. Umsjónarkennarateymi fer yfir stöðu og skráir verkefni eftir lista frá skólaþjónustu Árnesþings, hagnýt ráð í kennslu. http://www.arnesthing.is/skolathjonusta/um_skolathjonustuna/tilvisanir_og_gatlistar/ . Ef hagnýt ráð í kennslu gagnast sem skyldi telst máli lokið og unnið áfram með foreldrum að bættu skipulagi. Ef þau ráð sem nefnd eru ekki talin skila tilteknum árangri fer íhlutun á næsta stig.
4. Teymisvinna hefst í samstarfi með foreldrum og sérfræðingum skólaþjónustunnar og teymisáætlun útbúin.
5. Fundur með sérkennara/sérkennslustjóra og skólastjóra til að fara yfir frekari tilvísun til sérfræðiþjónustu Árnesþings og teymisáætlun staðfest.
6. Mælt er með fjölskyldu ART ef þarf í samstarfi við sérfræðinga skólaþjónustunnar.
7. Teymisfundir eru reglulegir út það tímabil sem íhlutun stendur yfir. Staðan, árangur og markmið metin hverju sinni og skráð í fundargerð.

# Samfella á milli skólastiga

Kostir samfellu á milli skólastiga eru margir og sýna margar rannsóknir fram á að ef góð samfella myndast með nám nemenda á milli skólastiga eru talsvert minni líkur á brotthvarfi nemenda úr námi síðar.

## Samfella á milli leik- og grunnskóla

Í Bláskógaskóla Laugarvatni hefur verið unnið gott starf í samfellu á milli skólastiga, leik- og grunnskóla. Þeir þættir sem taldir eru upp hér að neðan eru meðal annars þeir þættir sem stuðla að markvissu starfi í samfellu á milli skólastiga. Markmiðið með samvinnu skólastiganna er að auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga. Það er jafn mikilvægt að leikskólabörn hafi tengsl við grunnskólann eins og að grunnskólabörn hafi tengsl við leikskólann.

- Elsti árgangur leikskóladeildar og 1. – 7. bekkur grunnskóladeildar fara í **útiskóla** einu sinni í viku. Athafnanám er undirstaðan í útiskólanum. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni þar sem náttúran og upplifun barna af því umhverfi og samfélagi sem skólinn er í spilar stórt hlutverk. Málörvun, hreyfiþroski og efling seiglu og félagsþroska eru útgangspunktar í þeirri vinnu sem unnin er með yngri nemendum á meðan eldri nemendur takast einnig á við fjölbreytt verkefni sem tengjast námi þeirra hverju sinni. Náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði sem og aðrar greinar eru fléttaðar inn í fjölbreytt verkefni þar sem að umhverfið og náttúran spila lykilhlutverk. Útiskólinn er markvisst nýttur til að gefa nemendum jákvæðar upplifanir af útiveru í öllum veðrum. Árstíðabundin verkefni verða oft fyrir valinu, en hver dagur byrjar á samantekt og innlögn og endar á samantekt og umræðum, um viðfangsefni dagsins. Þar sem útiskólinn er í eðli sínu óútreiknanlegur þurfa kennarar og nemendur að vera sveigjanlegir í nálgun sinni. Í því felst mikill lærdómur og góð æfing fyrir alla aðila. Stundum þarf að breyta áætlunum og nánast alltaf er hægt að sjá og upplifa eitthvað sem ekki var skipulagt fyrir fram. Þannig er hægt að láta áhuga nemenda stýra þróun kennslunnar upp að vissu marki. Eins og áður takmarkast útinám nemenda ekki við útiskólann heldur flæðir í öllum greinum eftir því sem að hentar hverju sinni.
- Öll börn á Stóragili **borða hádegisverð á deildinni**. Þegar líður á veturinn fá elstu börnin í leikskólanum oftar tækifæri til að æfa sig að fara í mat með yngsta stigi grunnskólans. Fyrsti hlutinn af því er þegar þau koma úr útikennslu en þá fara þau í hádegisverð með yngsta stiginu.
- Nemendur í elsta hópi leikskólans fara í smiðjur með yngsta stigi skólans og fara þar í greinar; **textíl, hönnun og smíði, ART, úti er ævintýri og leiklist**. Nemendur kynnast með þessu móti sérgreinakennurum grunnskólastigsins ásamt því að fá smjörþefinn af því námi sem þar fer fram.
- Eins og fyrr er mikilvægt að finna leiðir til að 1.-2. bekkur komi í **markvissar heimsóknir á leikskólann.** Með þessu er reynt að tryggja samfellu skólastiganna og nánari samvinnu þeirra. Hver heimsókn samsvarar einni kennslustund, frjáls leikur og samvera er lykilhugtakið í heimsóknunum og eflir það leikskólabörnin að fá að vera gestgjafar.

- Annan hvern föstudag koma saman á **sal,** allur grunnskólinn og eldri deild leikskólans. Á sal er unnið með söng, tónlist, leiklist og framkomu.
- Eini sinni í viku koma nemendur af unglingastigi og **lesa** fyrir nemendur á leikskólastigi. Markmiðið er að nemendur á unglingastigi styrki framsögn og færnina að lesa fyrir hópa á öðru aldurstigi. Einnig er þetta hluti af því að nemendur á ólíkum aldursstigum efli tengsl og samvinnu.
- Með þessum leiðum styrkjum við nemendur í leikskólastiginu og undirbúum þau áður en næsta skólastig tekur við. Mikilvægt er einnig að nemendur sem lokið hafa leikskóla fái tækifæri til að umgangast og halda tengslum við leikskólann, kennara og þá vini og sem þau enn eiga þar. Eflir það sjálfsmynd og öryggi að þekkja sig í aðstæðum hvort sem það eru nýjar eða gamlar.

## Samfella á milli grunn-og framhaldskóla

Mikilvægt er að horfa til samtals við framhaldskólastigsins og höfum við átt gott samstarf við kennara og stjórnendur Menntaskólans að Laugarvatni. Áfram verður horft til þess að efla það samtal og horfa á enn frekari leiðir til að efla samfellu á milli grunn-og framhaldskóla. Það er mikilvægt að horfa til nálægðar skólastiganna hér í Bláskógabyggð og líta á það sem tækifæri til að gera vel í samfellu á milli skólastiganna.

# Uppeldisáætlun

## ART – aggression replacement training

Í skólanum er stuðst við hugmyndafræði ART sem er reiðistjórnunarmeðferðarúrræði. Allar deildir skólans fá ART tíma einu sinni í viku undir leiðsögn ART kennara sem kemur upplýsingum til foreldra og annarra kennara um viðfangsefnið hverju sinni.

- ART úrræðið hentar vel þeim nemendum sem eiga við hegðunarvandamál að etja eða geta eflt færniþætti er snúa að siðferði. Leiðirnar sem nemendur læra nýtast þeim vel í samskiptum við aðra.
- Úrræðinu hefur verið beitt á Íslandi frá árinu 2006. Úrræðinu er beitt víða erlendis og hafa rannsóknir þar einnig stutt það að ART reiðistjórnunarúrræðið hafi bætt hegðun og líðan nemenda. Niðurstöðu úttektar á árangri ART þjálfunar sýndi jákvæðar niðurstöður. Mikilvægt er einnig að samstarf við starfsmenn ART teymis á Suðurlandi sé gott.
- Hægt er að sækja um meðferð hjá ART teymi fyrir börn með hegðunar- og/eða tilfinningavanda**.** Meðferðin er kölluð *Fjölskyldu ART* og fara af stað nýir hópar í janúar og september ár hvert. Í fjölskyldu ART gefst foreldrum tækifæri á að verða ART þjálfarar barna sinna. Um er að ræða 12 skipta námskeið, sem nær yfir tvær annir, þar sem fjölskyldan hittir teymið tíu sinnum á fyrri önninni og tvisvar sinnum á seinni önninni. Foreldrum eru kenndar leiðir til þess að ná jákvæðum aga og eiga árangursrík og góð samskipti á heimilinu. Á þessum tíma veitir teymið einnig persónulega ráðgjöf og einstaklingsþjálfun fyrir börn sé þess óskað.

Nánar er hægt að fræðast um ART á síðu ART- teymis á Suðurlandi http://isart.is/.

## Fræðsla til dyggða

*Fræðsla til dyggða* er vinna sem hefur verið unnin markvisst í leik- og grunnskóladeild Bláskógaskóla. Notast er við svokölluð dyggðakort. Kortin eru bæði notuð ein og sér en einnig eru þau notuð til stuðnings við þær kennsluaðferðir sem nú þegar eru notaðar í skólanum svo sem ART, Vináttuverkefnið og útinám.

Dyggðirnar styrkja sjálfstæði og sjálfsmynd barnsins, frjálsan leik og félagsleg samskipti innan sem utan skólans. Dyggðir eru innri eiginleikar persónuleika okkar sem hafa jákvæð áhrif á okkur sjálf og heiminn í kringum okkur. Með því að nota dyggðaspjöldin ýtum við undir undir persónulegan þroska nemenda og kennara og dýpri skilning á óhlutbundnum orðum og hugtökum. Efnið er hannað fyrir börn á aldrinum 4-10 ára en er notað með börnum og fullorðnum á öllum aldri í skólastarfinu. Hvert kort inniheldur mynd sem er lýsandi fyrir dyggðina og stutt lýsing í orðum og á bakhlið kortsins má finna umræðupunkta, spurningar og vangaveltur um dyggðina til að nota í vinnu með börnunum.

# Vináttuverkefni Barnaheilla

Vináttuverkefni Barnaheilla er verkefni sem unnið er með í leikskólanum og á yngsta stigi grunnskólans. Verkefnið er forvarnarverkefni gegn einelti sem var þróað og mótað af Mary Fonden og Red Barnet – Save the Children í Danmörku. Þar heitir verkefnið *Fri for mobberi* og var tekið í notkun árið 2007 og hefur skilað miklum árangri. Verndari verkefnisins í Danmörku er Mary krónprinsessa og verndari verkefnisins á Íslandi er Guðni Th. Jóhannesson forseti. Vinna þarf markvisst að því að byggja upp góð samskipti og góðan skólabrag í leik og grunnskólum og koma í veg fyrir einelti. Vináttuverkefni Barnaheilla er verkfæri sem nýtist vel í þeirri vinnu. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

- **Starfsfólk** skólanna fær hvatningu og aðstoð við að byggja upp og þróa góðan skólabrag innan skólans, auk ráða um hvernig það sjálft getur verið góð fyrirmynd.
- **Foreldrar** barna eru mikilvægir samstarfsaðilar og eru hvattir til þess að taka þátt og leggja sitt af mörkum svo að verkefnið beri sem mestan árangur.
- Allur **barnahópurinn** tekur þátt í verkefninu, líka börn sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.
- **Umburðarlyndi, Virðing, Umhyggja, Hugrekki** eru þau gildi sem við vinnum helst með í tengslum við vináttuverkefnið.

# Leikskóladeild- Bláskógaskóla Laugarvatni

## Stefna leikskóladeildar



Virðing fyrir barninu, að skapa því öruggan og ánægjulegan stað til leiks og náms er grunnur að góðu leikskólastarfi. Í leikskólastarfi Bláskógaskóla á Laugarvatni er lögð rík áhersla á lýðræði, félagsfærni, samvinnu, útinám og samstarf milli skólastiga. Leikskólinn horfir einnig til stefnu og starfsaðferða **Reggio Emilia**. Í Reggio Emilia aðferðafræðinni eru meginmarkmiðin þau að hvetja barnið sem einstakling, að það noti öll sín skilningarvit, *„málin sín hundrað“* og starfar leikskólinn því markvisst að því að efla og ýta undir frumlega og skapandi hugsun. Í öllu starfi leikskólans er lagt upp með að nota opnar spurningar eins og *hvað, hvernig og hvers vegna?* Horft er til þess að stuðla að og styðja hvern og einn einstakling til að öðlast sterka sjálfsmynd, sjálfsöryggi og trú á eigin getu. Þessi áhersla í starfi leikskólans samræmist vel grunnþáttum menntunar um lýðræði í skólastarfi og skóla fyrir alla í heilsueflandi samfélagi.

## Faglegt starf og dagskipulag

Yngri deild leikskólans heitir **Bjarnalundur** og þar eru börn á aldrinum eins til tveggja ára.

### Dagskipulag Bjarnalundar



Á Bjarnalundi er lagt upp með að skapa aðstæður fyrir börn að kanna heiminn og umhverfi sitt. Þar eru mikil áhersla á aðferðir og leiðir sem efla málþroska, sjálfshjálp, hreyfifærni, félagsþroska og skynjun. Börnin byrja oft sína  leikskólagöngu um eins árs og leggjum við metnað í að frá sínum fyrstu skrefum innan skólans upplifi börnin öryggi og hlýju. Í öllum leikskólanum leggjum við áherslu á að börnin fái verkefni sem hæfi þroska og getu hvers og eins og það á ekki síst við um börnin á Bjarnalundi. Á Bjarnalundi eru börnin á máltökuskeiðinu og því er öll orðaforðaefling og málörvun gríðarlega mikilvæg. Kennsluefni eins og Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefni með Blæ bangsa, Fræðsla til dyggða og ýmiskonar sköpun eru áberandi í starfinu en ekki síst fá börnin nægt rými til frjáls leiks inni og úti.

# Dagskipulag Stóra Gils

Á **Stóragili,** sem er eldri deild leikskólans, eru þriggja til fimm ára börn. Börnin eru í þrem hópum sem raðast í eftir fæðingarári. Yngsti hópurinn, Dúfuhópur, næstur kemur Spóahópur og eru elstu börnin í Krummahóp. Rétt eins og á Bjarnalundi þá er er lagt upp með að skapa aðstæður fyrir börn að kanna heiminn og umhverfi sitt. Þau færa sig skrefinu lengra en yngstu börnin því allir nemendur á Stóragili fara í útinám og könnunarferðir um Laugarvatn. Á Stóragili er einnig áhersla á að nota aðferðir og leiðir sem efla málþroska, sjálfshjálp, hreyfifærni, félagsþroska og skynjun. Allir hópar fara í hópastarf með sérkennslustjóra skólans og nýtir hún efni eins og Lubbi finnur málbein ásamt því að spila og vinna ýmiskonar verkefni og þrautir sem styrkja málþroska og hljóðkerfisvitund barnsins.

Samvinna á milli skólastiga er mikilvæg og því fara Krummarnir, elstu börnin í leikskólanum á miðvikudögum í útiskóla með yngsta stigi grunnskólans. Krummarnir taka einnig þátt í smiðjum með börnum úr fyrsta bekk grunnskólans. Smiðjur eru verkgreinatímar svo sem matreiðsla, listsköpun, textíl, smíði og ART. Stefnt er að því að bjóða krummum með í sund þegar fer að vora.



TRAS er notað sem skráning á máþroska allra barna leikskólans sem náð hafa 2.2 ára aldri og elstu börn leikskólans fara í gegnum Hljóm-2 athugun.

- Hvað er hljóðkerfisvitund http://lesvefurinn.hi.is/hljodkerfisvitund
- Hvað er TRAS https://mms.is/tras

Lagt er upp með að koma sköpun og örvun skynfæra inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins og tekur allt starfsfólk leikskólans þátt í því en auk þess sér kennari um að öll börn leikskólans fari í skipulagðan tíma í **listsköpun** vikulega

Við í leikskólanum viljum þó benda sérstaklega á það að þrátt fyrir margar góðar og áhugaverðar stundir sem börnin fara í yfir vikuna þá er fátt sem jafnast á við frjálsan leik barns og viljum við veita mikið rými í dagskipulagi leikskólans fyrir hann. Frjáls leikur barns eflir ímyndunarafl, einbeitingu, félagsfærni og vináttubönd. Í leiknum fer fram mikil málörvun ásamt því að efla hreyfifærni barnsins eftir því hvernig leik verið er að leika. Hlutverk kennara er mikilvægt í frjálsum leik hjá börnum. Með því að vera til staðar, hlusta, spjalla og vera tilbúinn að hjálpa börnunum í gegnum þann vanda sem þau rekast á í leiknum og hjálpa þeim að finna lausnir. Þannig byggjum við grunnin að því að börnin eflist og læri sjálf að vinna sig í gegnum þau vandamál eða hindranir sem þau koma að í daglegu lífi, þar er markvisst unnið með seiglu barnanna. Kennarinn nær í gegnum frjálsa leikinn að kynnast barninu vel, hverjir séu styrkleikar þess, áhugasvið og hvað þau geta og kunna. Í frjálsa leiknum fær kennarinn tækifæri til

að styðja við barnið og styrkja það enn frekar. Má benda á að í *Aðalnámskrá Leikskóla* er sérstaklega tekið fram hlutverk leiksins í námi ungra barna.

Sjálfsmynd barnsins, félagsfærni og líðan barnsins er okkur hugleikin og vinnum við að því að styrkja þessa þætti á nokkra vegu.



Leikskólinn vinnur með **vináttuverkefni Barnaheilla** þar sem Blær bangsi leikur stórt hlutverk. Verkefnið er unnið sem forvörn gegn einelti og ætlað til að efla félagsfærni, umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki hvers barns og að hjálpa þeim að hjálpa hvert öðru í hóp. Krummahópurinn fer einnig í **ART**. ART er félagsfærniþjálfun, sjálfstjórn og efling á siðferði. Inn í allt starf skólans fléttast svo inn dyggða og gildis kennsla, Fræðsla til dyggða. Til þess notum við, og erum með sýnileg um skólann, spjöld með þeim dyggðum sem við erum að leggja áherslu á hverju sinni svo og þau sem börnin þekkja nú þegar. Lögð er rík áhersla á að börnin læri, noti og hlusti á þau orð og tilfinningar sem þau sjálf búa yfir og aðrir í kringum þau. Að barnið sýni sér og öðrum í kringum sig sjálfsást og mildi. Að það kunni að meta sig og sérstöðu sína og að bera virðingu fyrir sér og öðrum.

# Hagnýtar upplýsingar leikskóladeild

## *Að koma og fara*

Leikskólinn leggur áherslu á að taka eigi vel á móti hverju barni og samvinna milli heimilis og skóla gegnir veigamiklu hlutverki. Opið samtal og dagleg samskipti gegna þar oft lykilhlutverki. Ætlast er til að foreldrar/forráðamenn fylgi barninu inn á leiksvæðin og mikilvægt að foreldrar láti starfsmann vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það. Ekki er skólaskylda í leikskóla en mælumst við þó til þess að leikskólinn sé látinn vita ef um veikindi eða frí er að ræða.

Hafa þá beint samband í síma 480-3034, senda tölvupóst á laugarvatn@blaskogaskoli.is

Leikskólinn hefur það skráð hjá sér **hverjir hafa leyfi til að sækja** barnið en öryggisins vegna þarf að láta þarf vita ef einhver annar en þeir sem vanir eru að sækja koma að sækja barnið og skv. tillögum umboðsmanns barna er það rétt að það sé ekki barn yngra en 12 ára sem sækir eða kemur með barnið.

## *Afmæli barnanna*

Afmælisdagur er stór dagur fyrir hvert barn og haldið er upp þau tímamót í leikskólanum. Ef afmæli lendir á helgi eða er þegar leikskóli er lokaður er haldið upp á afmælisdag barnsins fyrsta virka dag sem barnið er í leikskólanum eftir afmælið sitt. Afmælisbarnið útbýr kórónu, kveikt er á afmæliskertum og afmælissöngurinn sunginn. Barnið er að sjálfsögðu fremst meðal jafningja á þessum hátíðisdegi.

## *Klæðnaður barna*

Klæðnaður leikskólabarns gegnir mikilvægu hlutverki, hann þarf að vera þægilegur og ekki hamla hreyfingum barnsins. Barn í leikskóla tekst á við fjöldamörg verkefni hvort sem það er inni eða úti og því er mikilvægt að fötin hæfi því. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér nægan aukafatnað í leikskólanum til skiptanna og ekki síður að í hólfi barnsins sé útifatnaður sem hæfir öllum veðrum. Þau börn sem nota bleyjur koma með þær að heiman. Foreldrar koma með útiföt á mánudegi og taka töskur eða poka með sér heim **á föstudegi en þá þarf að tæma hólfin**. Mikilvægt er að foreldar taki þátt í að halda fatahólfi barnsins snyrtilegu yfir vikuna með því að taka heim skítugan fatnað og að ekki safnist upp óþarfa hlutir í hólfunum.

## Óhöpp, slys og veikindi

Börn í leikskólum Bláskógabyggðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi eða veikist, er haft samband við foreldra/forráðamenn. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á heilsugæslustöð/bráðamóttöku. Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins eða öðru sem það hefur með sér í leikskólann.
Leikskólastarfið er skipulagt með það í huga að öll börn geti tekið þátt í starfinu, bæði úti og inni. Veik börn eiga ekki að vera í leikskólanum. Börn þurfa að vera minnst einn dag heima, hitalaus eftir veikindi. Gott er að styðjast við eftirfarandi leiðbeiningar. Ef aðstæður í leikskólanum leyfa er heimilt að hafa börnin inni einn dag eftir veikindi. Athugið að barnið getur líka verið lasið þótt hiti sé ekki merkjanlegur. Athuga þarf sérstaklega að vegna reynslu í Covid-19 áskilur leikskólinn sér þess réttar að breyta þessum reglum eftir leiðbeiningum sóttvarnarlæknis og almannavarna.

**Lyfjagjafir eru ekki hlutverk** leikskólastarfsmanna. Mælst er til þess að þeir séu ekki beðnir um slíkt.

Til þess að geta orðið við beiðni um sérfæði þarf vottorð frá lækni því til stuðnings. Ef um ræðir tímabil vegna mögulegs óþols eða ofnæmis er tekið tillit til þess, en mikilvægt að láta skólastjóra vita.

## Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu foreldra.
Mikilvægt er að fá upplýsingar um breytingar í lífi barnsins, til þess að hægt sé að bregðast við ef barnið sýnir breytta hegðun í leikskólanum, s.s. breytta fjölskylduhagi, fjarveru foreldra o.fl. Ef um ræðir alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins er gott fyrir leikskólann að fá vitneskju um það. Við skólann starfar sérstakt áfalla- og slysateymi sem hefur það hlutverk að hjálpa nemendum verði þeir fyrir áföllum og sinnir hlutverki nemendaverndarráðs.

## Dvalartímar

Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfseminni eða börnunum. Ef foreldrar óska eftir breytingu á eða viðbót við dvalartíma barnsins sækja þeir um hjá skólastjóra fyrir 16. hvers mánaðar.

## Dvalargjöld

Dvalargjöld eru innheimt með gíróseðli. Dvalargjald er greitt fyrir fram með gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 20 dögum síðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga er send ítrekun sjö dögum seinna, en 50 dögum eftir gjalddaga fara ógreiddir gíróseðlar til frekari innheimtu sem hefur í för með sér stóraukinn kostnað fyrir greiðandann. Hafi vanskil varað lengur en 3 mánuði varðar það missi leikskólaplássins. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Ef barn er fjarverandi vegna veikinda eða annarra orsaka, greiða foreldrar fyrir leikskólarýmið, en geta óskað eftir því að fæðishluti gjaldsins falli niður vari fjarvistir meira en hálfan mánuð samfleytt.

## Skipulagsdagar/ Lokun

Skipulagsdagar eru fimm á ári. Skipulagsdaga nota starfsmenn til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf sitt og leikskólans. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Leikskólinn er lokaður í 5 vikur vegna sumarleyfa. Sumarleyfislokun er frá 1. júlí og er í 5 vikur.

## Fáliðunaráætlun

Fáliðun í leikskólanum telst vera þegar of fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna hverju sinni í skólanum. Miðað er við að barngildi fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann á meðan unnið er eftir skipulagðri dagskrá samkvæmt stundaskrá skólans.

Fáliðun er fundin út með reiknilíkani sem reiknar út hlutfall starfsmanna og barna á hverjum tíma fyrir sig. Ef starfsmenn á deild reynast of fáir miðað við barnafjölda er ekki tekið á móti ákveðið mörgum börnum eða ákveðið mörg börn send heim samkvæmt sérstöku kerfi. Reynt er að tilkynna foreldrum um skerðingu á dvalartíma með eins löngum fyrirvara og kostur er.

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma skoða skólastjóri og deildarstjóri samsetningu hópsins og fara yfir hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi.

Allir starfsmenn deildarinnar vinna saman og aðstoða við það sem þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna.

- Afleysing kölluð inn ef möguleiki er á.
- Þeir sem vinna hlutastörf bæta við sig og fá greitt í yfirvinnu/frítöku.
- Starfsmenn sleppa kaffitímum og fá þá greidda í yfirvinnu/frítöku.

Ef sú neyðarstaða kemur upp að ekki er möguleiki á að taka á móti öllum nemendum skólans hluta úr degi eða heilan dag er farið eftir stafrófsröð hvaða nemendur skulu vera heima. Byrjað er á að senda það barn heim sem er fyrst á nafnalistanum og svo koll af kolli eftir því hve marga nemendur þarf að senda heim hverju sinni. Næsta

skipti er síðan haldið áfram eftir listanum þar sem frá var horfið síðast. Þegar um systkini er að ræða er boðið upp á sama tíma og þegar kemur að því í stafrófsröðinni er hoppað yfir það nafn. Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn leikskólastarfsmanna ekki send heim.

Ef grípa þarf til þessar áætlunar er það fyrst og fremst gert til að tryggja öryggi nemenda og að leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 fyrir þá nemendur sem eru í skólanum hverju sinni. Einnig er hlutverk áætlunarinnar að fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskóla.

## *Upplýsingar frá leikskóla*

Upplýsingar um starf leikskólans er veitt með daglegum samtölum, lokuðum facebook hóp leikskólans, upplýsingatöflu í fataklefa, tölvupósti og foreldraviðtölum. Facebook síðan gegnir hlutverki þess að geta upplýst foreldra um leikskólastarfið, þar koma inn fréttir, myndir og auglýsingar frá leikskólanum. Bendum við foreldrum á að sérstök foreldrafélagssíða er til og inni á henni geta foreldrar átt samskipti sín á milli.

Á upplýsingatöflu í fataklefa má sjá matseðil vikunnar, skóladagatalið ásamt því að þar eru skrifuð örskilaboð sem varða allan leikskólann. Foreldraviðtöl eru einu sinni á önn þar sem foreldrar og kennarar fara yfir einstaklings námskrá nemenda og þá þætti sem snúa að því að efla góða líðan nemenda á leikskólanum. Ef spurningar eða óskir um viðtal vegna barns í leikskólanum utan skipulagðra viðtalstíma er hægt að hafa samband við skólastjórnendur.

# Grunnskóladeild- Bláskógaskóla Laugarvatni

## Tilhögun kennslu

Í Bláskógaskóla á Laugarvatni er samkennsla á öllum stigum.

- 1. - 2. bekk er kennt saman.
- 3. - 5. bekk er kennt saman en saman mynda 1. - 4. bekkur yngsta stig skólans.
  - 5.bekkur er einnig í samkennslu með 6. - 7.bekk.
- 6. - 7. bekk er kennt saman á miðstigi.
- 8. - 10. bekk er kennt saman á elsta stigi.

### Stundatöflur

Í 25. grein laga um grunnskóla er kveðið á um hlutfallslega skiptingu milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast og er það á valdi hvers skóla fyrir sig hvort námsgreinar eru kenndar aðskildar eða samþætt.

Bláskógaskóli Laugarvatni styðst við viðmiðunarstundaskrá þegar skipting námsgreina á árganga er gerð en hún veitir ákveðinn sveigjanleika milli námsgreina og tækifæri til samþættingu.

Lögð er áhersla á að efla list- og verkgreinar á öllum stigum sem og íþróttir.

| Námsgreinar – Námssvið | 1.-4. bekkur | 5. – 7. bekkur | 8. – 10. bekkur | Vikulegur kennslutími | Vikulegur kennslutími |
|---|---|---|---|---|---|
| | Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku | Hlutfall |
| Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál | 1.120 | 680 | 630 | 2.430 | 18,08% |
| Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál | 80 | 460 | 840 | 1.380 | 10,27% |
| List- og verkgreinar | 900 | 840 | 340 | 2.080 | 15,48% |
| Náttúrugreinar | 420 | 340 | 360 | 1.120 | 8,33% |
| Skólaíþróttir | 480 | 360 | 360 | 1.200 | 8,93% |
| Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði | 580 | 600 | 360 | 1.540 | 11,46% |
| Stærðfræði | 800 | 600 | 600 | 2.000 | 14,88% |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 120 | 160 | 80 | 360 | 2,68% |
| Til ráðstöfunar /Val | 300 | 160 | 870 | 1.330 | 9,90% |
| Alls | 4.800 | 4.200 | 4.440 | 13.440 | 100% |

## 1.-4. bekkur - samkennsla 30 kennslustundir á viku

- Bekkjartímar með umsjónarkennarateymi eru 18 stundir.
- Útinám er alls 4 kennslustundir.
  - Innan bekkjartíma og útináms eru íslenska, stærðfræði, upplýsingatækni, samfélagsgreinar og náttúrufræði og lífsleikni (ART).
- Smiðja 4 stundir (myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði, úti er ævintýri og ART).
- Skólaíþróttir 4 stundir.

## 5.-7. bekkur samkennsla 35 kennslustundir á viku

- Bekkjarstundir umsjónarkennarateymis eru 21 stundir á viku.
- Útinám er alls 4 stundir á viku.
  - Innan bekkjarstunda og útináms eru kenndar námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrufræði, tungumál, lífsleikni (ART) og upplýsingatækni.
  - Kennarar hafa verið að prófa að skipta náminu upp í lotur og ýta því markvisst undir ábyrgð á eigin námi sem hefur gefist vel á miðstigi.
  - Ein nýjung er á miðstigi er valgrein/áhugasviðsverkefni sem kennd eru í fyrstu 2 tímunum á föstudögum.
- Smiðja 4 stundir (myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði, úti er ævintýri og ART).
- Skólaíþróttir 4 stundir

## 8.-10. bekkur 37 kennslustundir á viku

- Elsta stig stundar nám sitt í **lotum**. Markmið þeirra er gera nemendum kleift að skipuleggja eigið nám yfir daginn og vikuna, vinna á sínum hraða og tileinka sér frekari ábyrgð á eigin námi. Með þessum hætti ættu nemendur að eiga kost á því að ná betri einbeitingu og flæði í náminu á sínum forsendum. Nemendur geta þannig valið það viðfangsefni sem þeir vilja sinna í samvinnu við kennara. Í hverri lotu er að jafnaði gert ráð fyrir þrem fögum í þrjár vikur í senn.
  - Þau fög sem unnin eru í lotum eru: samfélagsfræði, íslenska, stærðfræði, upplýsingatækni og náttúrufræði.
- Auk lotukennslu vinna nemendur að **áhugasviðsverkefnum** en þau verkefni eru hluti af vali nemenda. Nemendur velja sjálfir viðfangsefni í hverju áhugasviðsverkefni. Misjafnt er hvort kennarar leggja fyrir ákveðinn ramma að verkefni sem talið er sem bundið val eða nemendur velji sér verkefni einungis út frá eigin áhugasviði. Í upphafi verkefnis setja nemendur niður verkáætlun í samvinnu við kennara og fylgja henni og meta að lokum árangur með kennara. Við leggjum áherslu á að nemendur nýti þann mannauð sem er í skólanum hverju sinni við leiðbeiningar í verkferlinu eða þá í samfélaginu sem sérþekkingu hafa á verkefninu sem slíku.
- List og verkgreinar eru 4 stundir á viku og eru einnig keyrðar í lotum. Farið er í myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði og heimilisfræði. Innan hverrar greinar vinna nemendur að verkefnum sem að kennari fyrirskrifar ásamt verkefnum sem þeir velja sjálfir.

- ☐ Unnið er einnig með valgreinar 2 stundir í viku og má þar meðal annars velja greinar eins og raftónlist, skjálfti, búningahönnun, leir, útivist, svefn og heilsa, samskipti, ræðumennska. Kennt er val í lotum sem eru 6 vikur í senn.
- ☐ Skólaíþróttir eru 4 stundir á viku. Nemendur vinna verklegar og bóklegar æfingar.
- ☐ Smiðjuhelgar eru fjórum sinnum á ári, tvo daga í senn. Þá hittast fjórir uppsveita skólar, Bláskógaskóli, Reykholtsskóli, Kerhólsskóli og Flúðaskóli og velja nemendur sér list og/eða verkgrein til að stunda.

# Frímínútur/gæsla

Kennarar, stjórnendur, skólaliði og stuðningsfulltrúar sinna gæslu í upphafi dags, öllum frímínútum og í hádegi, tveir á hverri vakt. Unglingastigið hefur aðstoðað í lengri frímínútum dagsins og safnað sér í sjóð fyrir skemmtiferð á vorin.

# Námsmat/próf

Á skólaárinu er unnið að námsmati jafnt og þétt. Undanfarin ár hafa kennarar innleitt hæfnikort fyrir nemendur í Mentor. Hæfnikort sýna stöðu nemenda í hverju fagi fyrir sig. En hæfnikortin eru byggð á metanlegum hæfniþáttum sem skólar í Árnesþingi hafa unnið saman. Kennarar námsgreina uppfæra hæfnikort nemenda jafnt og þétt yfir skólaárið og þau eru sýnileg nemendum og foreldrum allt skólaárið.

**Námsmati er þannig háttað:**

| | | |
|---|---|---|
| **Yngsta stig** | (1.-4. bekkur) | einkunnarorð og umsagnir. |
| **Miðstig** | (5.-7. Bekkur) | námsmat birtist í bókstöfum og táknum. |
| **Elsta stig** | (8.-10. bekkur) | námsmat birtist í bókstöfum. |

## 1.- 4. bekkur

Nemendum í 1.- 4. bekk er gefið <u>*leiðbeinandi námsmat*</u> þar sem hæfni nemanda og staða í námsgreinum er skoðuð með tilliti til hæfniþátta *Aðalnámskrár grunnskóla*. Námsmat er aðgengilegt á Mentor og stefnt er að því að foreldrar geti fylgst vel með framvindu náms í gegnum Mentor síðu foreldra og nemanda. Foreldrar eru hvattir til samtals eins oft og þurfa þykir. Tvisvar á skólaárinu setjast umsjónarkennari, nemandi og foreldrar niður og yfirfara námsmat og stöðu nemanda.

## 5.-7. bekkur

Á miðstigi er gefið <u>*leiðbeinandi námsmat*</u> fá nemendur námsmat í táknum jafnóðum eftir hæfniviðmiðum hvers fags. Lokanámsmat er gefið í bókstöfum á vorönn. Námsmat er í stöðugri þróun og stefnt er að því að nýta hæfnikortið framvindu í námi jafnt og þétt yfir skólaárið.
Bókstafir og tákn gefa til kynna hvernig nemandi stendur samkvæmt bekkjarnámsskrá / einstaklingsnámsskrá. Ef nemandi fylgir eingöngu einstaklingsnámskrá í því fagi sem um ræðir skal það vera stjörnumerkt við bókstaf. Umsögn skal fylgja bókstaf þar sem kennari gerir grein fyrir stöðu nemanda samkvæmt námskrá fags hverju sinni.

## 8.-10. bekkur

Á efsta stigi er gefið *leiðbeinandi námsmat* og fá nemendur námsmat jafnóðum eftir hæfniviðmiðum sem sett eru eftir bekkjarnámsskrá hvers fags. Lokanámsmat er gefið út á vorönn. Námsmat er í stöðugri þróun og stefnt er að því að nýta hæfnikort Mentors til að hægt sé að fylgjast með framvindu í námi jafnt og þétt yfir skólaárið. Bókstafir gefa til kynna hvernig nemandi stendur samkvæmt bekkjarnámsskrá / einstaklingsnámsskrá. Ef nemandi fylgir eingöngu einstaklingsnámsskrá í því fagi sem um ræðir skal það vera stjörnumerkt við bókstaf. Umsögn skal fylgja bókstaf þar sem kennari geri grein fyrir stöðu nemenda samkvæmt námsskrá fags.

**Við námsmat í bókstöfum er eftirfarandi matsviðmið notuð:**

| | |
|---|---|
| A | Nemandi býr yfir framúrskarandi hæfni, þ.e. nemandi stenst öll viðmið og hefur yfir mun meiri færni að ráða en gert er ráð fyrir hjá viðkomandi aldurshópi. |
| B+ | Mjög góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námsviðs. |
| B | Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| C+ | Nokkuð góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| C | Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| D | Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| Stjörnumerkt<br><br>A*B*C*D* | Hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af einstaklingsnámskrá nemandans.<br><br>Ef bókstafur hefur stjörnumerkt tákn er nemandi með einstaklingsnámskrá í faginu. Þeir nemendur sem hafa einstaklingsnámskrá eru þeir nemendur sem fylgja ekki bekkjarnámskrá. |

Táknin hér til hliðar eru notuð til að meta hæfniviðmið hverrar námskrár/hæfnikort, námsmarkmið og verkefni.




- **Framúrskarandi** - er gefið þegar nemandi hefur náð fullum tökum á öllum hæfniviðmiðum, getur miðlað áfram þekkingu sinni með dýpkun og skapandi nálgun.
- **Hæfni náð** - telst góður árangur, nemandi getur það sem stefnt er að. Í mörgum tilfellum er þessi hæfni það besta sem hægt er að ná.
- **Á góðri leið** – nemandi hefur að mestu leyti náð tökum á viðfangsefninu en ekki fullnægjandi.
- **Þarfnast þjálfunar** – nemandi hefur náð einhverjum tökum á viðfangsefninu.
- **Hæfni ekki náð** – nemandi hefur að mjög litlu leyti náð tökum á viðfangsefninu.

# Val og list- og verkgreinar

Út frá áhersluþáttum námskrár skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valbundinna stunda sé í list- og verktengdu námi. Í 8. - 10. bekk er val nemenda hluti af áhugsviðsverkefnum þeirra og list- og verkgreinatímum. Þannig er reynt að tryggja að val nemenda fari að mestu eða öllu leyti eftir þeirra eigin áhugasviði. Markmið áhugasviðsverkefna og vals innan list- og verkgreina er að virkja nemendur til þess að fylgja eigin hugðarefnum og áhugamálum eftir á skipulegan hátt og bera ábyrgð á eigin námi eins og kostur er. Hlutverk kennarans er á margan hátt að vera leiðbeinandi en þó að hafa skýra vinnuáætlun og meta reglulega, á meðan á verkefni stendur, framgang þess. Kennarinn á að vera hvetjandi fyrir nemandann og efla þrautseigu hans og lausnamiðun í verkefninu hverju sinni.

Á yngri stigum velja nemendur sér viðfangsefni innan greina og stýra framsetningu eða skilum á þeim viðfangsefnum. Innan list- og verkgreina hafa nemendur mikil áhrif á val á viðfangsefnum, aðferðum og úrlausnum. Þar er lögð áhersla á að nemendur geti fylgt eigin hugðarefnum eins og kostur er.

# Smiðjuhelgar

Fjórum sinnum á skólaárinu eru svokallaðar smiðjuhelgar þar sem nemendur og kennarar unglingastiga í skólum uppsveita, Bláskógaskóla, Reykholtsskóla, Kerhólsskóla og Flúðaskóla, koma saman og dýpka þekkingu sína og hæfni í ýmsum greinum. Smiðjuhelgar eru haldnar í ákveðnum skólum yfir veturinn í alls þrjú skipti. Nemendur óska eftir ákveðnum viðfangsefnum til að dýpka þekkingu sína á og meðan annars hafa verið sett fram óskir um: bifvélavirkjun, bogfimi, forritun, landbúnað, útivist, leiklist og kvikmyndasmiðju svo eitthvað sé nefnt. Þetta verkefni hefur tekist vel til og er von um að haldi áfram að blómstra og festast í sessi. Ánægja nemenda með samstarfið er mikil og sér í lagi sá þáttur er viðkemur uppbroti í samverustundum í frítíma. Fjórðu smiðjunni er ferð til Reykjavíkur. Þar er markmiðið að nemendur geti sótt listviðburði og fari í skólaheimsóknir í framhaldsskóla. Smiðjan verður unnin í samstarfi við námsráðgjafa. Ef nemendur stunda tónlistarnám eða afreksíþróttir er möguleiki að fá það metið til valgreina á unglingastigi.

# Frístundaskóli

Frístundaskólinn er samstarfsverkefni skólans og ungmennafélagsins til að koma til móts við tímabilið á milli skóla og íþróttaæfinga hjá UMFL. Eftir skóla tekur við frístundaskóli fyrir nemendur í 1.-4. bekk og eru þau börn sem hafa aðgang í frístundaskóla á ábyrgð starfsmanna frístundar þar til æfingar byrja. Frístundaskólinn er til húsa í skólanum á neðri hæð og einnig er útisvæði nýtt talsvert eftir veðri og vindum. Starfsmenn frístundar fylgja nemendum í íþróttahús en þeir sem ekki eru á æfingum eru send heim ef starfsmenn frístundar hafa ekki fengið tilkynningar um annað.

Stjórnendur Bláskógaskóla, stjórn UMFL og starfsmenn frístundar standa að baki frístundaskóla og vinna í sameiningu að skipulagi frístundaskóla. Þjálfarar taka við ábyrgð þegar búið er að fylgja nemendum á æfingar í íþróttahúsi.
Starfsmenn frístundar eru Ragnheiður Hilmarsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir sem sjá um hana frá mánudögum-fimmtudaga og á föstudögum eru Catherine (Cat) Froment og Thelma Rún Jóhannsdóttir að sjá um frístund. Gjöld fyrir frístundaskóla eru innheimt af UMFL.

Frístund hefur fésbókar síðu og má finna hana hér

# Tómstundastarf og félagslíf

Félagstarf unglinga er undir sameiginlegri félagsmiðstöð sem staðsett er í Kerhólsskóla. Þeir skólar sem nýta hana saman eru Bláskógaskóli, Reykholtsskóli og Kerhólsskóli. Félagsmiðstöðin fer á milli skólanna. Starfsmenn félagsmiðstöðvar eru Ragnheiður Hilmarsdóttir, Hörður Óli Guðmundsson og Guðrún Ása Kristleifsdóttir.

Félagsmiðstöðin hefur fésbókar síðu og má finna hana hér

